


**skoðun** 14


2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Heilsa




{bæklingur Baðhússins}
fylgir Fréttablaðinu í dag
www.badhusid.is
BAÐHÚSIÐ



# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
30. ágúst 2011
201. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA
2001 - 2011
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl - júní 2011




**Það stærsta til þessa**
*Óli Geir heldur risaball á Ljósanótt í Reykjanesbæ.*
**fólk** 26

**Á rónaslóðum**
*Guðjón Friðriksson sagnfræðingur leiðir rónagöngu.*
**tímamót** 18



**FH-ingarnir skildir eftir**
*Topplið KR og ÍBV unnu í gær en FH steinlá gegn frábæru Stjörnuliði.*
**sport** 30

**veðrið í dag**




**GOTT NA-TIL** Í dag verður S-átt 5-10 m/s V-til en annars hægari. Skýjað að mestu V-til og úrkoma með köflum SV-lands. Nokkuð bjart A-lands. Hiti 10-20 stig hlýjast NA-til.
**VEÐUR** 4

# Kvarta undan kjötskorti

**Dýrara er að leysa út kíló af kjúklingi á úthlutuðum WTO-kvóta úr tolli en ef kjötið væri afgreitt með almennum tolli utan kvóta. Veitingamenn kvarta undan kjötskorti og hafa þurft að taka rétti af matseðli.**

**MATVÆLI** Dýrara er að leysa út kíló af kjúklingi á úthlutuðum WTO-kvóta úr tolli en ef kjötið væri afgreitt með almennum tolli án kvóta. Þetta gengur þvert á markmið samnings Íslands og Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (WTO) um innflutning á matvælum.

Veitingamenn kvarta undan skorti á kjúklinga- og nautakjöti, til dæmis veitingahúsakeðjan Subway, sem getur ekki lengur haft staðlaðar kjúklingabringur á matseðlinum. Innlendir framleiðendur geta ekki framleitt bringurnar og því þarf að flytja þær inn. Það er hins vegar of dýrt sökum hárra tolla, að sögn Gunnars Skúla Guðjónssonar, framkvæmdastjóra Subway. Hann segir jafnframt óhagstæðara að flytja inn kjúklingabringur á úthlutuðum kvóta heldur en ef kjúklingabringurnar væru tollafgreiddar með almennum tolli utan kvóta.

„Þetta reiknuðu tollayfirvöld út fyrir okkur,“ segir Gunnar. „Við tókum út sex kíló úr 1.500 kílóa sendingu sem við getum ekki leyst út til þess að láta reyna á útreikninginn, sem sýnir svart á hvítu hvers konar rugl þetta er. Tollafgreiðsla á þessum sex kílóum samkvæmt almennum tolli, sem er í raun ofurtollur, kostar 10.109 krónur. Samkvæmt WTO-tollkvótanum, sem við fengum úthlutað í júní, kostar tollafgreiðsla þessara 6 kílóa 12.504 krónur. Menn flytja ekkert inn á þessum tolli,“ segir Gunnar og bætir því við að íslenskt kjúklingakjöt sé notað í aðra kjúklingarétti Subway.

Veitingahúsið Argentína steikhús hefur líka þurft hafa að taka rétti af matseðli vegna skorts á grillsteikum. „Við fórum að finna fyrir skorti á fitusprengdu kjöti fyrir um ári og þetta hefur versnað jafnt og þétt. Þetta hefur verið sérlega erfitt í sumar,“ segir Kristján Sigfússon, eigandi Argentínu.

Hann kveðst vera í viðskiptum við kjötverkanda sem eigi í basli með að uppfylla kröfur veitingastaðarins. „Hann fær ekki nógu marga gripi því að það er ekki framleitt nóg. Hann vantar í hverri viku þrjátíu til fjörutíu prósentum fleiri gripi en hann fær. Þetta virðist ganga í hæðum og lægðum hjá nautgripabændum. Þessar sveiflur eru allt of miklar og við óskum eftir að fá að flytja inn þær steikur sem vantar upp á.“

Kristján getur þess að verðið hækki þegar framboðið sé lítið. „Maður fær lakara kjöt á hærra verði en því sem maður keypti góða kjötið á fyrir tveimur árum.“

**- ibs /** **sjá síðu 8**

### WTO-kvótar

WTO-tollkvótar komu til þegar Ísland gerðist aðili að samningi Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar (World Trade Organization) árið 1995. Samkvæmt samningnum skuldbatt Ísland sig til að hleypa litlu magni af erlendri matvöru inn á markað á kvótum sem áttu að vera hagstæðir, en eru það ekki lengur. Tollurinn er ákvarðaður af landbúnaðarráðherra.



**Á EFTIR BOLTA ...** Þótt sumri sé tekið að halla hafa krakkarnir í Garði ekki sagt alfarið skilið við útileikina. Félagarnir Björn Bogi, Friðrik Smári og Ármann Þór sýndu flotta takta á fótboltavellinum í gær og baráttan var býsna hörð, án þess þó að nokkrum yrði meint af. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Tom Cruise boðar komu sína:

## Geimverumynd tekin á Íslandi

**FÓLK** Leikstjórinn Joseph Kosinski heimsótti Ísland í sumar til að skoða tökustaði fyrir geimverumyndina Oblivion. Tom Cruise leikur aðalhlutverkið í myndinni og unnið er að því að stór hluti hennar verði tekinn upp hér á landi á næsta ári.



TOM CRUISE

„Þetta hefur verið til skoðunar í dágóðan tíma. Það stóð til að myndin yrði gerð hér nú í sumar,“ segir Leifur B. Dagfinnsson, einn aðaleigenda framleiðslufyrirtækisins True North.

Leifur segir að enn geti brugðið til beggja vona með þetta verkefni en ef af verður má búast við því að það skili þjóðarbúinu hundruðum milljóna króna.

**- fgg /** **sjá síðu 34**

Barnaníðingar taldir beita áður óþekktum aðferðum til að tæla til sín börn:

## Reyna að lokka börn með lygum

**LÖGREGLUMÁL** Hafnarfjarðarbær varaði í gær foreldra í bænum við ókunnugum manni sem reyndi að lokka unga stúlku við grunnskóla í bænum upp í bláan bíl. Fyrir helgi bárust fregnir af tveimur mönnum á gömlum bláum bíl sem einnig voru taldir hafa reynt að tæla til sín grunnskólastúlku í Setbergshverfi í Hafnarfirði á miðvikudagskvöld. Mennirnir stöðvuðu bílinn, skrúfuðu eina af rúðum bílsins niður og sögðu stúlkunni að móðir hennar hefði slasast og verið færð á sjúkrahús. Þeir ættu að aka henni þangað. Sama bragði var beitt í gær.

Stúlkan fyrir helgi trúði ekki mönnunum, heldur hljóp heim til sín og tjáði móður sinni hvað gerst hafði. Móðir hennar hafði samband við Hrönn Bergþórsdóttur, aðstoðarskólastjóra Setbergsskóla. Hún sendi foreldrum barna í skólanum og skólastjórnendum í Hafnarfirði aðvörun.



**SETBERGSHVERFI** Menn eru taldir hafa reynt að tæla unga stúlku upp í gamlan bláan bíl. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Áður hefur það gerst í Hafnarfirði að karlmenn hafa reynt að tæla börn upp í bíl með sælgæti. Að minnsta kosti einu sinni voru unglingspiltar á ferð sem gerðu sér að leik að hræða börn. Ekki hefur áður heyrst af því að börnum hafi verið tjáð að foreldrar eða einhver þeim nákominn hafi slasast. „Þetta er nýtt og ljótt bragð. Börnum gæti brugðið við þetta og þau farið upp í bíl hjá ókunnugum. Þess vegna sendum við út aðvörun til foreldra,“ segir Hrönn.

**- jab, sh**


PRÓFAÐU DOHOP LEITARVÉLINA Á VÍSI
Flug og gisting, öll hagstæðustu tilboðin á einum stað.




dohop vísir
Meiri Vísir.




Muu
betri hugmynd!

## SPURNING DAGSINS



*Sigurður, fórstu í háttinn eftir átta?*

„Ég kláraði nú leikinn, en fór snemma í háttinn."

Sigurður Enoksson, formaður Arsenalklúbbsins á Íslandi, þurfti að horfa upp á sína menn niðurlægða á Old Trafford, heimavelli Manchester United, á sunnudag. Leikurinn fór 8-2 fyrir United.

Heilbrigðisnefnd Alþingis fundaði um staðgöngumæðrun:

# Ræddu um mögulegt frumvarp

**HEILBRIGÐISMÁL** „Þetta er mjög spennandi svið sem við erum komin á," segir Þuríður Backman, formaður heilbrigðisnefndar Alþingis.

Heilbrigðisnefnd kom saman í gær til að ræða staðgöngumæðrun. Hún segir að verið sé að ræða hvernig standa ætti að mögulegu frumvarpi um staðgöngumæðrun ef ákveðið yrði að semja slíkt frumvarp.

„Það eru svo fjölmargir þættir sem þarf að huga að. Það eru réttindi barnsins og réttindi foreldranna og svo auðvitað fjölmörg siðferðileg álitaefni," segir Þuríður. Hún segir að í ljósi þess að tæknin sé komin það langt að mögulegt sé að framkvæma staðgöngumæðrun sé nauðsynlegt að ræða hvort rétt sé að leyfa hana.

Fólk sé þegar farið að nýta sér þessa tækni og fari til útlanda, Indlands eða annað, í þeim erindagjörðum. Vegna þessarar þróunar sé nauðsynlegt að kanna hvort staðgöngumæðrun komi til greina hér á landi.

„Við verðum að vita hvað við viljum í gera í þessu sambandi," segir Þuríður. **- jhh**



**ÞURÍÐUR BACKMAN** Formaður heilbrigðisnefndar segir fjölmörg siðferðileg tengjast umræðunni um staðgöngumæðrun.

Dánarorsök stúlku staðfest:

# Lést af völdum PMMA-neyslu

**LÖGREGLUMÁL** Lyfjagreining hefur leitt í ljós að meðal dánarorsaka ungrar konu, sem fannst látin í íbúð í Reykjavík í apríl, var alvarleg eitrun af völdum fíkniefnisins PMMA. Grunur beindist strax að efninu þegar stúlkan fannst. Það er mjög eitrað og hafði fyrst fundist á Íslandi fyrr í mánuðinum.

Andlát hennar hefur nú verið rakið til neyslu áfengis, kannabisefna og amfetamíns, auk alvarlegrar PMMA-eitrunar. Lyfið virðist ekki hafa hlotið frekari útbreiðslu síðan. **- sh**

Færri á námskeið eftir hrun:

# Færri fara í endurmenntun

**HEILSA** Starfsemi Sjúkraflutningaskólans hefur dregist töluvert saman undanfarin þrjú ár. Þátttakendum á endurmenntunarnámskeiðum hefur fækkað um helming að sögn Hildigunnar Svavarsdóttur skólastjóra.



**HILDIGUNNUR SVAVARSDÓTTIR**

Hún segir að mikil þörf sé á endurmenntun sjúkraflutningamanna því grunnmenntun þeirra sé þrjár vikur og það sé of lítið. Hún segir einnig að nauðsynlegt sé að þjálfa sjúkraflutningamenn í dreifðari byggðum landsins og halda þekkingu þeirra við, því tilfelli sjúkraflutninga þar séu oft fátíð. **- mmf / sjá Allt**

Íslenskt æfingakerfi til Dana:

# Boot Camp flyst til Köben

**HEILSA Útibú íslensku æfingastöðvarinnar Boot Camp verður opnað í Kaupmannahöfn 12. september næstkomandi, en þá fá Danir að upplifa alíslenskt æfingakerfi sem byggir á krefjandi líkamsæfingum í góðum félagsskap.**

**„Nú þegar er mikið um skráningar úti og allt lofar þetta góðu. Við ætlum okkur seinna í stærri hluti en stígum varlega til jarðar," segir Arnaldur Birgir Konráðsson, framkvæmdastjóri Boot Camp í Reykjavík.**

**Stöðin ytra fær nafnið Budz Boot Camp, með vísun í enska orðið Buddies, eða félagar. „Í Boot Camp eru talsverðar líkur á að finna ástina og Boot Camp-brúðkaup eru orðin mörg."**

**- þlg / sjá Allt í miðju blaðsins**

# Ákærður Júlli hyggst opna Drauminn á ný

**Eigandi Draumsins við Rauðarárstíg hefur verið ákærður fyrir að selja lyf í söluturninum og peningaþvætti. Lögregla hefur hins vegar ákveðið að aflétta lokun verslunarinnar og eigandinn býst við að opna að nýju með haustinu.**

**DÓMSMÁL** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu hefur gefið út ákæru á á hendur Júlíusi Þorbergssyni, betur þekktum sem Júlla í Draumnum, fyrir ólöglega lyfja- og tóbakssölu og peningaþvætti. Júlíus segist ætla að lýsa sig saklausan af öllum ákæruatriðum og opna söluturninn Drauminn aftur með haustinu.

Júlíus var handtekinn og Draumurinn á Rauðarárstíg innsiglaður í júní í fyrra vegna gruns um að þar væru seld lyfseðilsskyld lyf og fíkniefni. Leitað var víðar í borginni og hald lagt á lyf og fjármuni. Júlíus sat í gæsluvarðhaldi í tæpa viku og Draumurinn hefur verið lokaður síðan, á grundvelli úrskurðar frá dómsmálaráðuneytinu.

Ákæra var síðan gefin út réttu ári eftir að málið upp, hinn 14. júní síðastliðinn. Í henni er Júlíusi gefið að sök að hafa selt tveimur konum lyfseðilsskyld lyf án heimildar og átt í fórum sínum samtals 1.051 skammt af slíkum lyfjum, ætluðum til sölu. Þá fannst á heimili hans tæpt 21 gramm af kókaíni sem hann er talinn hafa ætlað að selja.

Jafnframt er hann ákærður fyrir brot á tóbaksvarnarlögum fyrir að hafa átt og ætlað að selja tæpar tvö þúsund dósir af munn- og neftóbaki.

Enn fremur er hann ákærður fyrir peningaþvætti, en í fórum hans fundust jafnvirði samtals tæplega ellefu milljónir íslenskra króna sem lögreglan telur að sé ávinningur hinnar ólöglegu starfsemi. Gerð er krafa um upptöku alls fjárins.

Geir Jón Þórisson yfirlögregluþjónn sagði í samtali við Fréttablaðið í fyrra að lokun Draumsins væri ótímabundin og hann yrði ekki opnaður aftur nema úrskurði ráðuneytisins yrði hnekkt fyrir dómstólum.



**Í SUMARFRÍI Í FYRSTA SINN** Júlli hefur rekið Drauminn í 23 ár og hefur áður fengið yfirvöld í heimsókn. Þessi mynd er tekin á góðri stundu árið 2004. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### Þetta fannst við húsleitirnar

**Lyf:**
- 418 töflur af mogadon
- 19 töflur af rítalíni
- 10 töflur af starklox
- 29 belgir af NVR
- 192 töflur af sobril
- 18 töflur af rivotril
- 19 töflur af levitra
- 12 töflur af cialis
- 267 amfetamíntöflur
- 66 töflur af cencerta
- 1 tafla af imovane

**Tóbak:**
- 222 dósir af neftóbaki
- 1.729 dósir af munntóbaki

**Fíkniefni:**
- 20,74 grömm af kókaíni

**Peningar:**
- 10.182.000 íslenskar krónur
- 2.310 evrur
- 400 danskar krónur
- 764 bandarískir dollarar
- 250 bresk pund
- 30 kanadískir dollarar

Nú er hins vegar komið annað hljóð í strokkinn. „Við þorum ekki að túlka þetta ákvæði í lögreglulögum, um heimild til að stöðva starfsemi, öðruvísi en að það sé bara tímabundið," segir Sigurður Freyr Sigurðsson, fulltrúinn sem sækir málið fyrir hönd lögreglu. „Hann fær að minnsta kosti að njóta vafans." Menn séu að feta sig áfram með heimildina og ákveðið hafi verið að miða við að lokuninni yrði aflétt við útgáfu ákæru.

Júlíus kveðst lítið vilja tjá sig um málið á þessu stigi. Hann muni þó lýsa sig saklausan og ætli tvímælalaust að opna Drauminn að nýju einhvern tíma með haustinu. „Þetta er í fyrsta skipti á ævinni sem ég tek mér sumarfrí og það hefur verið mjög spennandi," segir Júlíus um liðið sumar. „Það eru margir sem sakna þess að geta litið við hjá mér og síminn hefur hringt látlaust síðan í fyrra," bætir hann við.

stigur@frettabladid.is

Nauðgun kærð til lögreglu:

# Karlmaður í gæslu vegna nauðgunar

**LÖGREGLUMÁL Karlmaður hefur verið úrskurðaður í gæsluvarðhald í viku vegna rannsóknar lögreglu á nauðgun. Hann skal sæta gæslu fram á föstudaginn næstkomandi vegna rannsóknarhagsmuna.**

**Kona á fimmtugsaldri kærði manninn, sem er á fertugsaldri, fyrir nauðgun í fyrradag. Fólkið þekkist og hefur búið saman af og til samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins. Konan fór á neyðarmóttöku fyrir þolendur kynferðisofbeldis. Grunur leikur á að um hótanir og misþyrmingar hafi verið að ræða. Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu fer með rannsókn málsins.** **- jss**

Mamman vildi í þátt dr. Phils:

# Ákærð fyrir misþyrmingu

**BANDARÍKIN** Bandarísk móðir hellti sterkri kryddsósu upp í sjö ára kjörson sinn og þvingaði hann til að standa undir ískaldri sturtu til þess að komast í sjónvarpsþáttinn Dr. Phil. Hún hefur nú verið dæmd fyrir misþyrmingu og á yfir höfði sér eins árs fangelsi.



**DR. PHIL**

Málið hefur vakið mikla athygli í Rússlandi þar sem konan hafði ættleitt drenginn þaðan.

Fyrr á þessu ári greindi umboðsmaður barna í Rússlandi frá því að 17 rússnesk börn hefðu á undanförnum fimmtán árum látist eftir misþyrmingar bandarískra foreldra. Ættleiðingum til Bandaríkjanna var hætt í fyrra eftir að bandarísk kona sendi kjörson sinn til Moskvu. Hann er nú á munaðarleysingjahæli. **- ibs**


HÓPKAUP.IS Í DAG

KAFFIDRYKKUR, SMURT RÚNNSTYKKI OG „CUPCAKE"

490 kr.
GILDIR 24 TÍMA

Verð ~~1.075~~ kr. | Afsláttur 54% | Afsláttur í kr. 585 kr.

30 viðskiptavini þarf til að virkja tilboðið

Þú getur valið þér ilmandi kaffidrykk (eða hálfan lítra af Egils Kristal), nýbakað rúnnstykki sem er smurt fyrir þig með smjöri, osti og skinku og til að kóróna máltíðina velurðu þér eina af okkar **ómótstæðilegu „cupcakes"**.




HÓPKAUP
í krafti fjöldans
hópkaup.is

PIPAR\TBWA • SÍA


Fellibylurinn Írena gerði minni usla vestra en óttast var og stefnir nú til Íslands:

# Kemur með meiri rigningu

**VEÐUR** Fellibylurinn fyrrverandi, Írena, kemur upp að ströndum landsins á fimmtudag, en líkast til verður hún ekki frábrugðin þeim 300 lægðum sem koma upp að landinu á hverju ári.

Írena olli miklum skemmdum á meðan hún var í hámarki og æddi yfir Karíbahafið og ríkin á norðausturströnd Bandaríkjanna. Henni þvarr þó kraftur eftir því sem norðar dró og var stödd yfir Kanada í gær.

Hátt á þriðja tug manna létu lífið í Bandaríkjunum, milljónir manna þurftu að búa við rafmagnsleysi og víða ollu flóð miklum skemmdum. Mesta tjónið varð reyndar af vatnsflóðinu sem streymdi úr skýjunum frekar en af völdum þess ofsaroks sem fylgdi Írenu, enda varð það rok ekki jafn öflugt og óttast var fyrir fram.

Lestarkerfið í New York var tekið úr notkun áður en stormurinn skall á um helgina og óttuðust íbúar borgarinnar öngþveiti þegar það færi af stað aftur. Þá þurfti að fella niður meira en 9.000 flugferðir.

Samkvæmt upplýsingum frá Veðurstofu Íslands mun Írena renna upp að suðurströnd landsins á fimmtudag.



**FLÓÐ Í RÉNUN** Svona var umhorfs í bænum Waterbury í Vermont í gær þegar Írena var farin hjá. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

„Það á ekki að verða neinn stormur af því. Það verður suðaustanátt og rigning á sunnanverðu landinu. Lægðin mun svo staldra við suður af landinu þar sem hún eyðist svo um helgina." **- þj, gb**




# 6,7 LÍTRAR Á HUNDRAÐIÐ
# 7,6 SEKÚNDUR Í HUNDRAÐ

Enginn annar bílaframleiðandi hefur jafn staðfastlega og jafn lengi leitað nýrra leiða til að draga úr eldsneytiseyðslu og BMW. Þessi vinna hefur margborgað sig fyrir ökumenn og umhverfið. EfficientDynamics er markaðsheiti eins skilvirkasta tæknipakka sem völ er á. Um er að ræða stórar og smáar tækninýjungar sem BMW hefur þróað frá árinu 1999 og innleitt með það að leiðarljósi að minnka eldsneytiseyðslu og útblástur koltvísýrings.

## BMW xDrive 30d
### 6,7 l/100 km* – $CO_2$ 195 g – 7,6 sek. í hundrað

**BMW EfficientDynamics**
**Less emissions. More driving pleasure.**



**NÝR BMW X3**
Kynntu þér líka nýjan X3. Tækni framtíðarinnar tryggir þér hagkvæmni, afl og þægindi. Jafnvel verðið kemur á óvart!

ENNEMM / SÍA / NM48720

*Miðað við langkeyrslu

**INGVAR HELGASON og B&L** • Sævarhöfða 2, sími 525 8000

## GENGIÐ 29.08.2001

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 113,01 | 113,55 |
| Sterlingspund | 185,24 | 186,14 |
| Evra | 163,95 | 164,87 |
| Dönsk króna | 22,003 | 22,131 |
| Norsk króna | 21,097 | 21,221 |
| Sænsk króna | 17,994 | 18,1 |
| Japanskt jen | 1,4741 | 1,4827 |
| SDR | 182,27 | 183,35 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

219,1155

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tillögur stjórnlagaráðs lagðar fyrir Alþingi í formi skýrslu í októberbyrjun:

# Hömlulaus umræða um stjórnarskrá

**ALÞINGI** Frumvarpsdrög stjórnlagaráðs að nýrri stjórnarskrá verða tekin til umræðu á Alþingi eins fljótt og kostur er í október. Engar hömlur verða á umræðunni af hálfu þingforseta. Þetta var ákveðið á árlegum fundi forsætisnefndar Alþingis til undirbúnings fyrir þinghald vetrarins sem haldinn var í gær.

Ákveðið var að tillögur stjórnlagaráðs yrðu lagðar fyrir þingið í formi skýrslu frá forsætisnefndinni, vegna þess að í því formi felst engin efnisleg afstaða málflytjendanna til tillagnanna.

Í tilkynningu um fundinn frá Ástu Ragnheiði Jóhannesdóttur þingforseta segir að hún hafi ekki talið heppilegt að leggja tillögur ráðsins fram á fundadögum þingsins í september því að þeir séu aðeins níu og þá yrði tíminn til umræðnanna mjög knappur.

Þegar umræðu um málið lýkur gengur það til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, sem fjallar um stjórnarskrármál.

Í minnisblaði forseta af fundinum er hvatt til þess að umfjöllun nefndarinnar verði ítarleg og opin. Nefndin kalli til fundar við sig fólk sem unnið hafi að málinu á fyrri stigum og gefi almenningi kost á að senda inn umsagnir. **- sh**



**ÁSTA RAGNHEIÐUR JÓHANNESDÓTTIR**

Húsnæðishallæri í Ósló:

## Stúdentaíbúðir í skemmtiskip?

**ÓSLÓ Þrír norskir frumkvöðlar hafa kynnt borgaryfirvöldum í Ósló hugmyndir um að koma upp stúdentagarði í skemmtiferðaskipi sem komið verði fyrir við höfnina.**

**Á vef Aftenposten segir að fjárfestarnir hafi ákveðið skip í huga og þar verði íbúðir fyrir um 200 námsmenn, en stúdentaíbúðir skortir í borginni.**

**Borgaryfirvöld munu nú meta möguleika verkefnisins, meðal annars hvort það muni trufla umferð annarra skemmtiskipa. - þj**



**VÆGT FÍKNIEFNI** Menn sem fluttu tugi kílóa af khat til Íslands hlutu fyrr á árinu nokkurra mánaða fangelsisdóma fyrir smyglið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Íslendingur gripinn í Ósló:

## Með sautján kíló af khat á Gardermoen

**LÖGREGLUMÁL** Íslenskur maður var handtekinn á Gardermoen-flugvelli í Ósló í síðustu viku með sautján kíló af fíkniefninu khat í fórum sínum. Hann var að koma frá Amsterdam. Lögregla yfirheyrði manninn og sleppti honum síðan úr haldi, að því er fram kemur í norskum miðlum.

Khat er planta sem vex aðallega í norðausturhluta Afríku. Lauf hennar eru tuggin eða þau soðin í te til að ná fram örvunaráhrifum. Efnið er ekki ólöglegt alls staðar í Evrópu.

Smygl á khat til Noregs hefur aukist gríðarlega undanfarin ár. Í fyrra var lagt hald á 3,7 tonn af því þar ytra. Nokkur slík mál hafa komið upp á Íslandi síðustu misseri. Dómar fyrir þau hafa verið vægir. **- sh**

### LEIÐRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær víxluðust nöfn þyrla Landhelgisgæslunnar. TF-LÍF bilaði á meðan TF-GNÁ var í reglubundinni skoðun hérlendis.

# Annar tveggja Black Pistons-manna tók á sig meginsök

**Annar tveggja meðlima vélhjólagengisins Black Pistons tók á sig meginsök í hrottalegu ofbeldismáli við aðalmeðferð í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Hinn maðurinn, meintur forsprakki Black Pistons, sagði þó að fórnarlambið væri „rosalega lygasjúkt kvikindi“ sem skuldaði sér tvær milljónir.**

**DÓMSMÁL** Annar tveggja manna sem ákærðir eru fyrir að svipta rúmlega tvítugan mann frelsi sínu í maí 2011, misþyrma honum hrottalega og reyna að kúga út úr honum fé tók á sig meginsök við aðalmeðferð málsins í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Mennirnir eru báðir sagðir félagar í mótorhjólagenginu Black Pistons. Annar þeirra, Davíð Freyr Rúnarsson, játaði að hafa ráðist á fórnarlambið. Hann neitaði að hafa svipt manninn frelsi og sagði hinn manninn, Ríkharð Júlíus Ríkharðsson, sem talinn er forsprakki Black Pistons, lítið sem ekkert hafa tekið þátt í misþyrmingunum.

Davíð Freyr kvaðst hafa sótt fórnarlambið í iðnaðarhverfi í Hafnarfirði og farið með hann heim til Ríkharðs.

„Hann var að bulla hitt og þetta um allan bæ um mig, meðal annars að hann væri að rukka og selja eiturlyf með mér,“ sagði Davíð um fórnarlambið. Hann kvað engum hótunum né bareflum hafa verið beitt. Þegar saksóknari spurði Davíð Frey hvort hann væri að vernda Ríkharð eða láta undan hótunum hans með því að breyta framburði sínum og taka á sig sök kvað Davíð Freyr svo alls ekki vera.

Hann rakti síðan ferðir sínar með fórnarlambinu eftir dvölina heima hjá Ríkharði. Hann kvaðst meðal annars hafa komið við á Bústaðaveginum til að kaupa sér amfetamín. Aftur hefði verið haldið heim til Ríkharðs og þaðan í iðnaðarhúsnæði í Dugguvogi, þar sem dvalið hefði verið um hríð en síðan aftur heim til Ríkharðs.

Ríkharð gerði lítið úr sínum þætti málsins, en kvað fórnarlambið þó „rosalega lygasjúkt kvikindi“ sem skuldaði sér persónulega tvær milljónir fyrir að koma honum út úr vandræðum.

Fyrir dómi lýsti fórnarlambið hvernig sér hefði verið haldið nauðugum, hann barinn með rafmagnssnúrum og moppuskafti, honum hótað að úr honum yrðu dregnar tennur, skorið á sinar hans og neglur fjarlægðar afhenti hann ekki ferðatölvu, tvö sjónvarpstæki, fasteign, mótorhjól og bíla, auk tíu milljóna.

„Þeir sögðu að ég hefði svikið þá og lömdu mig í bak og fyrir,“ sagði fórnarlambið og bætti við að þeir hefðu svo látið stelpu farða sig, en í gögnum málsins eru myndir af unga manninum sem sýna mikla áverka í andliti.

Eftir þetta lá leiðin í Borgartún, þar sem Davíð Freyr lét klippa sig. Fórnarlambið bað þá um að fá að fara á salernið, en hljóp þaðan beint á lögreglustöðina á Hverfisgötu.

jss@frettabladid.is



**Í DÓMSAL** Davíð Freyr Rúnarsson og Ríkharð Júlíus Ríkharðsson mættu í lögreglufylgd í dómsal í gær.

### Foreldrarnir táruðust í dómsal

Foreldrar fórnarlambsins táruðust þegar þeir báru vitni fyrir dómi í gær. Þeim bar saman um að sonur þeirra hefði verið viti sínu fjær af hræðslu þegar hann hefði talað við þau frá lögreglustöðinni á Hverfisgötu. Skömmu eftir að hann hefði sloppið frá árásarmönnunum hefðu þau orðið vör við að tveir menn hefðu verið að ræða við fólk í hverfinu og leita að heimili þeirra.

„Maður er orðinn fangi á sínu eigin heimili,“ sagði móðirin og faðirinn bætti við að fjölskyldan væri stöðugt á varðbergi. „Við erum ekki sama fólkið eftir þetta,“ sagði hann. „Okkur hefur dottið í hug að yfirgefa landið. Við höfum aldrei kynnst þessum heimi.“






## VEÐURSPÁ



**Snjólaug Ólafsdóttir** veðurfréttamaður

**SUMAR OG HAUST**

Sumarið er ekki alveg úti enn. Hlýtt og bjart norðaustan til í dag en væta vestan til. Dregur þó fyrir til morguns og verður víða úrkoma með köflum þó síst austanlands. Á fimmtudag hvessir af suðaustri sunnanlands með úrkomu suðvestan og vestan til.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 30° |
| Basel | 22° |
| Berlín | 18° |
| Billund | 17° |
| Frankfurt | 20° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 18° |
| Las Palmas | 27° |
| London | 20° |
| Mallorca | 30° |
| New York | 27° |
| Orlando | 33° |
| Ósló | 18° |
| París | 22° |
| San Francisco | 21° |
| Stokkhólmur | 18° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is,* Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is,* Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is,* Laila Awad *laila@365.is,* Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016**: Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is,* Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is,* Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is,* Ívar Örn Hansen *ivarorn@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR/FASTEIGNIR SÍMI 512-5403**: Hrannar Helgason *hrannar@365.is,* Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is,* Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is,* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*

halló!

TASKA FYLGIR 10.000KR. VIRÐI

BOLTI 21:00




Frábær vél í skólann!
Talnaborð fyrir alla
Excel vinnsluna.
Burstuð álumgjörð og
vökvavarið lyklaborð.

## HP Probook 4520s

## 119.900 kr.

QC 766EA

**Örgjörvi:** Intel Core i3
**Harður diskur:** 320GB
**Vinnsluminni:** 3 GB
**Skjár:** 15,6" LED BrightView

EINNIG TIL SEM 13"

Skannaðu mig

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

# VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.




Skannaðu mig





6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

### HP Compaq CQ62
### 69.900 kr.
WY950EA

**Örgjörvi:** Intel Celeron 900
**Harður diskur:** 250 GB
**Vinnsluminni:** 2 GB
**Skjár:** 15.6" LED BrightView

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

### HP Pavilion dv6 i5
### 169.900 kr.
QC766EA

**Örgjörvi:** Intel Core i5
**Harður diskur:** 640 GB
**Vinnsluminni:** 6 GB
**Skjár:** 15,6" LED BrightView

6 MÁNAÐA VAXTALAUST LÁN

### HP Pavilion dv6 i7
### 219.900 kr.
QA954EA

**Örgjörvi:** Intel Core i7
**Harður diskur:** 750GB
**Vinnsluminni:** 8 GB
**Skjár:** 15,6" HD LED BrightView

- MEST SELDU TÖLVUR Í HEIMI*

muna!

Office Starter 2010

Office Starter 2010 fylgir
HP Probook og HP Pavilion tölvum.

FILMA.IS

2.000 kr. inneign á **filma.is**
fylgir hverri tölvu!

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi.
HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

start omnis MYNDSMIÐJAN

* Skv. Gartner, júlí 2011.

**OPNUNARTÍMI:** mánud. - föstud. kl. 09 - 18 og laugard. kl. 11 - 15.

OK búðin

Ok búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavik / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

## KJÖRKASSINN



*Óttast þú kaup erlendra fjárfesta á íslenskum jörðum?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 36% |
| NEI | 64% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú tínt ber í sumar?*

Segðu skoðun þína á visir.is

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir vaxtahækkun Seðlabankans viðeigandi:

# AGS segir lykilmarkmið hafa náðst

**EFNAHAGSMÁL** Stjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) samþykkti á föstudag sjöttu og síðustu endurskoðun sína á samstarfsáætlun íslenskra stjórnvalda og AGS. Þar með er formlegu samstarfi Íslands og sjóðsins lokið.

Í fréttatilkynningu sem AGS sendi frá sér af þessu tilefni kemur fram að lykilmarkmið með samstarfinu hafi náðst og að efnahagsbatinn sé hafinn á Íslandi.

„Ísland hefur farsællega lokið við samstarfsáætlunina. Lykilmarkmið hafa náðst: ríkisfjármálin nálgast það að vera sjálfbær, gengi krónunnar hefur náð stöðugleika og fjármálakerfið hefur verið endurreist,“ segir Nemat Shafik, aðstoðarframkvæmdastjóri hjá AGS.



**HÖFUÐSTÖÐVAR AGS** Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn segir efnahagsbatann hafinn á Íslandi.

Shafik segir þó óvissu og ákveðna áhættuþætti hamla efnahagsbatanum. Þá geti frekari seinkanir á fjárfestingarverkefnum og versnandi verðbólguhorfur veikt stöðu hagkerfisins.

Í tilkynningu sinni segir AGS að nýleg vaxtahækkun Seðlabankans hafi verið viðeigandi. Vaxtahækkunin endurspegli versnandi verðbólguhorfur og lækkun sem orðið hafi á raunvöxtum auk þess að búa í haginn fyrir losun gjaldeyrishafta. - mþl

Búist við eldvirkni næstu ár:

# Meta hættu vegna eldgosa

**STJÓRNSÝSLA** Hafin verður á næstunni vinna við hættumat fyrir eldgos á Íslandi. Ríkisstjórnin hefur samþykkt tillögu þess efnis frá Svandísi Svavarsdóttur umhverfisráðherra.

Í tilkynningu frá umhverfisráðuneytinu segir að það taki 15 til 20 ár að klára vinnuna. Fyrsti áfangi sé hins vegar til þriggja ára. Þá segir að eldgosin í Grímsvötnum og Eyjafjallajökli hafi undirstrikað nauðsyn þess að vinna slíkt hættumat enda búist við áframhaldandi eldvirkni. - mþl

Rannsóknarnefnd skipuð:

# Þrír rannsaka kaþólskt ofbeldi

**TRÚMÁL** Þrennt hefur verið skipað í rannsóknarnefnd um kynferðisbrot og annað ofbeldi innan kaþólsku kirkjunnar á Íslandi og Landakotsskóla. Þau eru Hjördís Hákonardóttir, fyrrverandi hæstaréttardómari, sem verður formaður, Hrefna Friðriksdóttir, dósent í fjölskyldurétti, og Jón Friðrik Sigurðsson, prófessor og yfirsálfræðingur á geðsviði Landspítalans.

Róbert R. Spanó lagaprófessor skipaði í nefndina samkvæmt ákvörðun kirkjunnar.

Nefndin á að rannsaka hvort vígðir þjónar eða aðrir starfsmenn hafi gerst sekir um mistök, vanrækslu eða þöggun, leggja til úrbætur og vísa málum til lögreglu. Hún mun hafa óheftan aðgang að gögnum kirkjunnar og taka viðtöl við meint fórnarlömb og aðra sem málum tengjast.

Niðurstöðum skal skilað eigi síðar en 1. september 2012. - sh

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Með hass í tölvutösku

Íslensk kona á sextugsaldri var handekin við komu Norrænu til Færeyja í gærmorgun. Við leit fundust 1,5 kíló af hassi í fórum hennar. Fréttastofa Ríkisútvarpsins greindi frá þessu. Efnin faldi hún í fölsku hólfi í tölvutösku.

# Ráðherra segir allt Líbíumálið vera uppi á borðum

**Flokksráð VG vill að Alþingi stofni rannsóknarnefnd um aðdraganda þess að Ísland studdi aðgerðir NATO í Líbíu. Utanríkisráðherra segir að allt sé uppi á borðum. Meirihluti Alþingis hafi stutt aðgerðirnar.**

**UTANRÍKISMÁL** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra segir að allt sé uppi á borðum varðandi stuðning Íslands í mars síðastliðnum við aðgerðir Atlantshafsbandalagsins (NATO) gegn hersveitum Gaddafís í Líbíu. Flokksráðsfundur Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs (VG) ályktaði um málið um helgina og beindi því til Alþingis að skipuð yrði rannsóknarnefnd „til að rannsaka aðdraganda þess að Ísland samþykkti þessar aðgerðir“.



**ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON**

„Þetta eru allavega óvenjuleg vinnubrögð,“ sagði Össur í samtali við Fréttablaðið, spurður hvort í þessari ályktun fælist ádeila á ríkisstjórnina.

Hann bætti því við að öll afgreiðsla á málinu hefði verið uppi á borðum og meðal annars rædd á þingi, í utanríkisnefnd og í ríkisstjórn.

„Það er því ljóst að þegar ákvörðunin var tekin upphaflega voru engar upplýsingar um það að VG hefði aðrar skoðanir en ég á þessu máli. Það lá fyrir yfirlýsing Gaddafís um að fara með eldi og eimyrju gegn íbúum Bengasí og hann stóð bókstaflega í borgarhliðunum. Þegar ákvörðunin var svo framlengd [hinn 1. júní] var hún líka rædd á Alþingi og það var alveg skýrt að það væri yfirgnæfandi meirihluti á þingi með aðgerðinni. Það var sömuleiðis rætt í utanríkisnefnd og þar bókuðu VG andstöðu sína. En það er alveg skýrt að ég var ekki viðskila við vilja Alþingis í þessu máli.“



**NUTU GÓÐS AF AÐGERÐUM NATO** Uppreisnarmenn ráða nú nær öllu í Líbíu, en þeir hefðu trauðla náð því án hjálpar NATO. Utanríkisráðherra segist ekkert hafa að fela vegna stuðnings Íslands við aðgerðir NATO. Flokksráð VG kallaði um helgina eftir því að rannsóknarnefnd tæki þá atburðarás til skoðunar. NORDICPHOTOS/AFP

Össur bætir því við að ráðherrar VG hefði bókað andstöðu sína við aðgerðir NATO, en hann hefði sem utanríkisráðherra haft heimild til að taka ákvörðun um stuðning.

En er hann mótfallinn stofnun rannsóknarnefndar um þessa rás atburða?

„Það eru aðrir en ég sem hafa eitthvað að fela í þessu máli. Ég er síður en svo hræddur um að minn þáttur eða Samfylkingarinnar í þessu máli verði skoðaður. Ég segi þinginu aldrei fyrir verkum og ef þingið vill samþykkja svona ályktun stend ég ekki í vegi fyrir því. Það er hins vegar algjör óþarfi því að öll gögn málsins liggja fyrir og allt hefur verið uppi á borðum.“

> Ég er síður en svo hræddur um að minn þáttur eða Samfylkingarinnar í þessu máli verði skoðaður.
>
> ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON UTANRÍKISRÁÐHERRA

Mun þetta mál hafa afleiðingar í samskiptum stjórnarflokkanna?

„Ég mun halda áfram að stíga minn ástleitna dans við VG þrátt fyrir þetta.“ thorgils@frettabladid.is

Uppreisnarmenn vilja NATO áfram í Líbíu eftir að átökum lýkur:

# Fjölskylda Gaddafís fór til Alsírs

**LÍBÍA, AP** Eiginkona og þrjú börn Múammars Gaddafí eru farin til Alsírs. Utanríkisráðuneyti Alsírs staðfesti þetta í gær og tilkynnti bæði Sameinuðu þjóðunum og uppreisnarstjórninni í Líbíu um það. Uppreisnarstjórnin í Líbíu hefur beðið NATO um að vera til staðar í landinu eitthvað áfram eftir að átökum lýkur. „Gaddafí er enn fær um að gera eitthvað skelfilegt á síðustu stundu,“ sagði Mustafa Abdul-Jalil, yfirmaður bráðabirgðastjórnar uppreisnarmanna.

Uppreisnarmenn hafa fundið ýmsa muni sem Gaddafí skildi eftir sig þegar hann flúði úr aðsetri sínu í höfuðborginni Trípolí, meðal annars ljósmyndir og skjöl af ýmsu tagi.

Einnig hefur komið í ljós að Abdel Baset al-Megrahi, sem var dæmdur í Lockerbie-málinu í Skotlandi árið 2001, liggur fyrir dauðanum á heimili fjölskyldu sinnar í Trípolí.

Hann var látinn laus úr fangelsi árið 2009 af mannúðarástæðum, þegar læknar töldu hann aðeins eiga þrjá mánuði ólifaða vegna krabbameins. Þegar fréttir af láti hans létu bíða eftir sér fóru af stað sögusagnir um að í raun væri hann við hestaheilsu. Þær sögusagnir virðast ekki hafa átt við rök að styðjast. - gb



**LÚXUS Í EINKAÞOTU GADDAFÍS** Uppreisnarmenn skoða herlegheitin. NORDICPHOTOS/AFP

**Verðtryggð skuldabréf Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. LSS150224**

Lánasjóður sveitarfélaga ohf. (LSS), kt. 580407-1100, hefur birt viðauka við grunnlýsingu dagsett 28. mars 2011 vegna töku skuldabréfa til viðskipta á NASDAQ OMX Iceland hf. Viðaukann og gögn sem vitnað er til í honum er hægt að nálgast hjá Lánasjóði sveitarfélaga ohf., Borgartúni 30, 105 Reykjavík og á heimasíðu Lánasjóðs sveitarfélaga ohf. www.lanasjodur.is fram til lokagjalddaga skuldabréfanna.

**Nafnverð útgáfu:** Heildarnafnverð skuldabréfanna sem óskað hefur verið að tekin verði til viðskipta 31. ágúst 2011 er 300.000.000 kr., heildarnafnverð flokksins eftir þá stækkun er þá 26.684.000.000 kr. Nafnverð hverrar einingar er 1 kr.

**Skilmálar bréfanna:** Skuldabréfin eru verðtryggð jafngreiðslubréf. Bréfin bera fasta 3,75% ársvexti sem greiddir eru hálfsárslega, 15. febrúar og 15. ágúst ár hvert, í fyrsta sinn 15. febrúar 2009 og í síðasta sinn 15. febrúar 2024. Auðkenni flokksins á NASDAQ OMX Iceland hf. er LSS150224 og ISIN númer IS0000018869.

Reykjavík, 30. ágúst 2011.
Lánasjóður sveitarfélaga ohf.



**Audi Q7 3,0 TDi**
Árgerð 2010, dísel
Ekinn 17.000 km, sjálfskiptur
Ásett verð
**12.590.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

Komdu til okkar á **Laugaveg 174** og prófaðu einn af gæðingunum í notuðum bílum. Sölumenn taka vel á móti þér!



**Audi A4** Avant 1.8 TFSI
Árgerð 2011, bensín
Ekinn 3.900 km, sjálfsk.
Ásett verð
**7.840.000,-**



**Audi A6** 4.2 Quattro
Árgerð 2005, bensín
Ekinn 57.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.990.000,-**



**VW Passat** Comfort
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 73.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.690.000,-**



**MM Pajero** Instyle
Árgerð 2008, dísel
Ekinn 74.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**6.980.000,-**



**VW Polo** 1.2 Trendl. 5 gíra
Árgerð 2010, bensín, 70 Hö.
Ekinn 49.000 km, beinsk.
Ásett verð
**1.790.000,-**



**VW Golf** GTi
Árgerð 2006, bensín
Ekinn 55.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.490.000,-**



**VW Jetta**
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 55.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.390.000,-**



**Toyota** Land Cruiser
Árgerð 2004, bensín
Ekinn 147.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**4.090.000,-**



**VW Bjalla**
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 33.400 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.390.000,-**



**Skoda Superb** 1.8T
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 73.000 km, sjálfsk.
Ásett verð
**2.390.000,-**



**VW Passat** Comfortline
Árgerð 2007, bensín
Ekinn 74.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.550.000,-**



**MM Lancer**
Árgerð 2009, bensín
Ekinn 41.000 km, beinsk.
Ásett verð
**2.690.000,-**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

**Kíkið inná:**
heklanotadirbilar.is

## VEISTU SVARIÐ?



1. *Hversu mörgum aðstoðarbeiðnum sinntu björgunarsveitir á hálendinu í sumar?*
2. *Hversu mikið hefur heildarraforkukostnaður viðskiptavina OR hækkað frá því í júní í fyrra?*
3. *Hversu lengi hefur Svali á FM 957 starfað sem útvarpsmaður?*

**SVÖR**

*1. Um 250. 2. 26 prósent. 3. Tuttugu ár.*

Framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara gagnrýnir reglur um kjötinnflutning:

# Naumur tími er hindrun

**MATVÆLI** „Þegar loksins var búið að framlengja opna tollkvótann í nautakjöti var búið að selja öðrum aðila nautakjötið sem ég ætlaði að kaupa erlendis. Ég þurfti þess vegna að byrja að því að leita að kjöti aftur. Og það er ekki eins og menn úti í heimi bíði eftir þessum viðskiptum.“



LEIFUR ÞÓRSSON

Þetta segir Leifur Þórsson, framkvæmdastjóri Ferskra kjötvara, vegna fréttatilkynningar frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu um að opið sé fyrir innflutning nautakjöts á lækkuðum tollum. Þar segir að upphaflega hafi átt að vera opið fyrir innflutninginn frá 10. júní til 30. júlí. Heimild til innflutnings hafi hins vegar verið framlengd til 30. september.

„Það er alveg rétt að opið er fyrir innflutning ennþá en hann getur verið erfiðleikum háður þegar hann er mjög tímabundinn. Í fyrsta lagi þarf að sækja um leyfi fyrir hvern einasta framleiðanda ef maður hefur ekki flutt inn frá honum áður. Þegar slíkt samþykki hefur fengist, sem getur tekið tvær til þrjár vikur, þarf kjötið svo að vera í frysti í 30 daga áður en það er flutt inn. Ég benti strax á, hinn 9. júní, að þegar heimildin væri veitt í svona stuttan tíma, eins og gert var þegar tollkvótinn átti bara að vera opinn í rúman mánuð, væri ekki hægt að flytja kjötið inn. Það var hins vegar ekki tekin ákvörðun um framlenginguna fyrr en 14. júlí. Þá byrjaði leit að kjöti á ný.“ **- ibs**

SÞ varar við fuglaflensu:

# Lítil hætta á flensunni hér

**HEILSA** Sameinuðu þjóðirnar vöruðu í gær við því fuglaflensan gæti dreift sér upp á nýtt. Haraldur Briem sóttvarnalæknir telur ekki mikla hættu á að fuglaflensan berist hingað.

Hann segir ekki um nýtt tilbrigði flensunnar að ræða heldur sé þetta H5N1-tilbrigðið sem hafi verið þekkt lengi. Hann segir Íslendinga ekki þurfa að hafa áhyggjur í bili. Það séu helst þeir sem vinni við fuglarækt eða umgangist veika fugla í Asíu sem þurfi að hafa áhyggjur.

# Tunglið kortlagt með meiri nákvæmni en nokkru sinni

**NASA undirbýr spennandi verkefni þar sem segulsvið tunglsins verður kortlagt með áður óþekktri nákvæmni. Gæti gefið vísbendingar um innri gerð tunglsins og uppruna jarðar og annarra bergreikistjarna.**

**GEIMVÍSINDI** Nýtt verkefni Geimferðastofnunar Bandaríkjanna, NASA, gæti markað kaflaskil í skilningi mannkyns á eðli, gerð og upphafi tunglsins og bergreikistjarna í sólkerfi okkar.

GRAIL-verkefnið svokallaða felst í því að tveimur könnunarförum verður komið á braut um tunglið, þaðan sem þau munu senda nákvæmar upplýsingar um segulsvið tunglsins.

Meðal þess sem fram mun koma, gangi verkefnið að óskum, er uppbygging tunglsins allt frá kjarna að skorpu.

Fyrir utan það sem læra má um þróun og uppbyggingu annarra reikistjarna verður þetta verkefni ómetanleg fróðleiksnáma fyrir tunglferðir framtíðarinnar.

Könnunarförunum tveimur, Grail-A og Grail-B, verður að öllum líkindum skotið á loft hinn 8. september og er gert ráð fyrir því að þau verði komin á braut um áramót. Eftir það taka við 82 dagar af rannsóknum, en að því loknu munu tækin lækka flugið og lenda á yfirborði tungsins.

**thorgils@frettabladid.is**



**SPENNIÐ BELTIN** Könnunarförin eru komin um borð í eldflaugina sem mun koma þeim út í geim í átt að tunglinu. MYND/NASA

### Fróðleiksmolar um tunglið

- Tunglið er í 360.000 til 405.000 kílómetra fjarlægð frá jörðu.
- Tunglið er 1.737 kílómetrar í þvermál og 2.159 kílómetrar í ummál.
- Þyngdaraflið á tunglinu er 1/6 af því sem er á jörðu þannig að 90 kílóa maður á jörðu yrði 15 kíló á tunglinu.
- Tunglið fjarlægist jörðina um 3,8 sentimetra á ári.
- Tunglið snýr alltaf sömu hlið að jörðu.
- Sólarhringurinn á tunglinu jafngildir um 30 sólarhringum á jörðu.

*Heimild: NASA*



**KORTLEGGJA TUNGLIÐ** Könnunargeimförin tengjast á sporbaug um tunglið og senda gögn til jarðar. MYND/NASA

Formannskjör hjá SUS:

# Davíð kjörinn nýr formaður

**STJÓRNMÁL** Davíð Þorláksson héraðsdómslögmaður var á sunnudag kjörinn formaður Sambands ungra sjálfstæðismanna næstu tvö árin.



DAVÍÐ ÞORLÁKSSON

Davíð er fæddur og uppalinn á Akureyri en búsettur í Reykjavík. Hann er með embættispróf í lögfræði frá Háskóla Íslands og hlaut héraðsdómslögmannsréttindi árið 2009.

Davíð sat í stjórn SUS frá 2003 til 2005 og svo aftur frá árinu 2009. Hann hefur verið formaður Félags sjálfstæðismanna í Vesturbæ og Miðbæ og í stjórn fulltrúaráðs sjálfstæðisfélaganna í Reykjavík. **- mþl**

Slæmar hagtölur að birtast:

# Hagvöxtur víða að minnka

**EFNAHAGSMÁL** Hagvöxtur í Bandaríkjunum var einungis 1% á ársgrundvelli á öðrum ársfjórðungi. Búist hafði verið við 1,3% hagvexti.

Þá voru hagvaxtartölur fyrir annan ársfjórðung í Bretlandi endurskoðaðar niður. Hagvöxtur þar mældist 0,7% á ársgrundvelli á tímabilinu en var 2,5% á sama tímabili í fyrra. Svipuð þróun er víða að eiga sér stað í Evrópu og hefur til að mynda hægt á hagvexti í Þýskalandi, Frakklandi og á Ítalíu. Nokkur lönd standa þó vel og mælist hagvöxtur 3,7% í Finnlandi og 5,3% í Svíþjóð. **- mþl**


**Samstöðuhópur gegn misrétti v/kynferðisafbrotamála!**

**Gagnasöfnun hafin!**

**„Hefur barnið þitt fengið að njóta vafans?“**

1. **Hefur Rannsóknarlögregla fellt niður þitt mál?**
2. **Hefur Ríkissaksóknari fellt niður þitt mál?**
3. **Hefur þú orðið fyrir vonbrigðum með rannsókn málsins?**
4. **Hefur þú orðið fyrir vonbrigðum gagnvart þeim lögum er lúta að kynferðisafbrotamálum?**
5. **Hefur þú orðið fyrir vonbrigðum með dóminn.**
6. **Hefur þú orðið var/vör við að eitthvað eftirlit sé með manni sem lokið hefur afplánun?**

Hafir þú/þið svör við ofantöldum spurningum, endilega hafið samband!
Facebook síða „Samstöðuhópur gegn misrétti..“ í skilaboð.
Skrifið mér á netfangið: kristinsn@simnet.is og/eða
**Pósthólf 8915** - 108 Reykjavík - merkt: **„Samstöðuhópur“**
Heimasíða: www.kristinsnaefells.com

**Kær kveðja, Kristín Snæfells Arnþórsdóttir**

**FULLUM TRÚNAÐI HEITIÐ!**


Telja árangur stjórnar minni en af hefur verið látið:

# Tækifærum glutrað

**EFNAHAGSMÁL** Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, eru gagnrýnir á málflutning ríkisstjórnarinnar í tengslum við lok formlegs samstarfs Íslands og Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS). Þeir segja ríkisstjórnina hafa brugðist í endurreisn efnahagslífsins.

„Þegar menn fara yfir það lið fyrir lið hverju átti að áorka í upphafi komast menn að annarri niðurstöðu en ríkisstjórnin,“ segir Bjarni og bætir við að upphafleg markmið um afnám gjaldeyrishafta, lága verðbólgu og hagvöxt hafi ekki náðst fram.

Þá segir Bjarni fyrirheit um að kjarasamningar endurspegluðu ástandið í efnahagslífinu hafa verið brotin. Loks hafi verið gengið mun lengra í skattahækkunum en AGS hafi lagt til og of lítið gert til að koma nýrri fjárfestingu af stað.

„Mér finnst því miður fátt benda til þess að efnahagslífið sé farið af stað, að minnsta kosti ekkert í líkingu við það sem ætti



BJARNI BENEDIKTSSON



SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON

að vera,“ segir Sigmundur Davíð og bætir við: „Við förum á mis við þá uppsveiflu sem kom víðast hvar fram í kjölfar fyrri hluta fjármálakrísunnar. Jafnvel þótt aðstæður hafi að mínu mati verið á margan hátt heppilegar fyrir nýja fjárfestingu með lágt gengi krónunnar og nægt vinnuafl til reiðu.“

Þá segir Sigmundur ríkisstjórninni hafa mistekist að nýta þau tækifæri sem voru til staðar og raunar gert illt verra með því að viðhalda stöðugri pólitískri óvissu og með því að flækja skattkerfið og hækka skatta ítrekað. **- mþl**



**STRÆTÓ** Um hríð hefur verið hægt að kaupa strætókort og -miða á vefsíðu Strætó. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Tilboðinu lýkur á morgun:

# Strætókort á tilboðsverði

**SAMGÖNGUR** Sölu á strætókortum á sérstöku tilboði fyrir veturinn sem nálgast lýkur á morgun. Eins mánaðar, þriggja mánaða og níu mánaða strætókort sem keypt eru fyrir miðnætti á morgun hafa þriðjungi lengri gildistíma en hefðbundið er.

Mánaðarkort gildir því í fimm vikur, þriggja mánaða kort í fjóra mánuði og níu mánaða kort í tólf mánuði.

Hægt er að kaupa strætókort eða strætómiða á vefsíðu Strætó, straeto.is, og fást þá kortin send heim í pósti svo ekki þarf að gera sér ferð á sölustað. **- mþl**

# SUMARTILBOÐ SÍÐUSTU DAGAR

**20-50%**
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM HEILSURÚMUM

*Smíðum rafmagnsrúm í öllum stærðum!*

## ROYAL OG CLASSIC

**Hágæða fjölstillanleg rafmagnsrúm á 20% afslætti.**




**12 mánaða vaxtalaus VISA / EURO greiðsludreifingu**

# SUMARTILBOÐ SÍÐUSTU DAGAR

Frí heimsending á hjónarúmum! / Tökum gamla rúmið upp í nýtt!

## FAGLEG RÁÐGJÖF OG FRÍ LEGUGREINING

Komdu í heimsókn, prófaðu legugreininguna, og fáðu faglega ráðgjöf um val á heilsudýnum, án skuldbindinga!

Vertu örugg/ur. Komdu í greiningu

RúmGott býður öllum viðskiptavinum upp á fría legugreiningu með hinum byltingarkennda Xsensor Medical Pro búnaði.

### HVENÆR ER ÞÖRF Á LEGUGREININGU?

Finnurðu fyrir eymslum í mjóbaki?
Vaknarðu oft með verki í mjöðm?
Finnurðu fyrir eymslum eða dofa í öxlunum?
Sefurðu illa vegna annara óþæginda?
- hryggskekkju
- brjósklos
- samföllnum hryggjaliðum
- spengdum hryggjaliðum
- gigt, til dæmis:
- slitgigt, vefjagigt eða liðagigt.

**FREMSTIR Í FRAMLEIÐSLU Á HEILSUDÝNUM**




**VIÐ FRAMLEIÐUM ÞITT RÚM EFTIR ÞÍNUM ÞÖRFUM**
**SÉRSMÍÐUM RÚM OG DÝNUR Í SUMARHÚS FELLIHÝSI OG TJALDVAGNA**

Löggiltir dýnuframleiðendur, starfandi í 60 ár

**RúmGott** · Smiðjuvegi 2 (við hliðina á Bónus) · Kópavogi · Sími 544 2121
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 11-16 · www.rumgott.is

VERSLUNIN Rúm Gott ÍSLENSK HEILSURÚM



**GERIR GUÐ ÚR PAPPÍRSMÁLUM** Indverski listamaðurinn K. Surya Prakash leggur lokahönd á styttu af hindúaguðinum Ganesh, sem hann hefur búið til úr pappírsmálum. NORDICPHOTOS/AFP

Rúmar tvær vikur eru þar til þingkosningar fara fram í Danmörku:

# Útlendingastefna mætir aukinni andstöðu

**DANMÖRK** Bandalag Íhaldsflokksins og Róttæka flokksins, tveggja danskra stjórnmálaflokka af sitthvorum væng stjórnmálanna, hefur haft óvænt áhrif á kosningabaráttuna þar í landi.

Lars Barfoed, leiðtogi Íhaldsflokksins, og Margrethe Vestager, leiðtogi Róttækra, hafa lofað hvort öðru því að ganga ekki til stjórnarsamstarfs nema báðir flokkarnir verði með í stjórn.

Þar með hafa þau í reynd útilokað að Danski þjóðarflokkurinn, sem leggur alla áherslu á að takmarka möguleika útlendinga í Danmörku, geti haft áhrif á stjórnarstefnuna, eins og hann hefur gert undanfarin ár með því að styðja minnihlutastjórn Íhaldsflokksins og frjálslynda Venstre-flokksins.

Nú strax eru áhrifamiklir einstaklingar innan Venstre byrjaðir að hvetja til þess að Venstre gangi til liðs við bandalag Íhaldsflokksins og Róttækra.

Vinstriblokkin í Danmörku, sem inniheldur Róttæka flokkinn, er þó enn með gott forskot á hægriblokkina samkvæmt skoðanakönnunum.

Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra, sem er leiðtogi Venstre, ákvað fyrir helgi að boða til þingkosninga 15. september næstkomandi þrátt fyrir slæma stöðu hægriflokkanna. - gb



**LEIÐTOGAR STÆRSTU FYLKINGANNA** Helle Thorning-Schmidt, leiðtogi sósíaldemókrata, og Lars Løkke Rasmussen forsætisráðherra að loknum sjónvarpsumræðum um helgina. NORDICPHOTOS/AFP


Costa del Sol

Allra síðustu sætin 10. september
í 10 nætur

Frá kr. 88.400

Heimsferðir bjóða frábæra 10 nátta ferð til Costa del Sol þann 10. september. Í boði er einstakt sértilboð á Aguamarina íbúðahótelinu.

Gríptu þetta tækifæri og skelltu þér í frábæra ferð til Costa del Sol og njóttu lífsins á hreint ótrúlegum kjörum.
Einnig önnur sértilboð í boði.

Ath. mjög takmarkaður fjöldi íbúða - verð getur hækkað án fyrirvara.

Aguamarina ★★★
Kr. 88.400

Netverð á mann, m.v. 2 fullorðna og 2 börn, 2-11 ára, í íbúð 10 nætur. Verð m.v. gistingu í tvíbýli kr. 99.900.

Heimsferðir
Skógarhlíð 18 • sími 595 1000
Akureyri • sími 461 1099
www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.






Þú færð Fréttablaðið
á kostnaðarverði á 120 stöðum
um land allt. Nánari upplýsingar
á visir.is/dreifing




FRÉTTABLAÐIÐ 10 ÁRA 2001-2011

Allt sem þú þarft


# Tekur við ógrynni vandamála af Kan

**Yoshihiko Noda verður sjötti forsætisráðherra Japans á sex árum. Hann er flokksbróðir og fyrrverandi fjármálaráðherra í ríkisstjórn forvera síns, Naoto Kan. Fáir spá honum langlífi í embætti, enda helstu verkefnin illviðráðanleg.**

**JAPAN, AP** Japanska þingið samþykkti í gær að Yoshihiko Noda, fjármálaráðherra í ríkisstjórn Naoto Kan, tæki við af Kan sem forsætisráðherra. Kan sagði af sér á föstudaginn eftir að hafa sætt harðri gagnrýni fyrir að hafa ekki tekið nógu vel á afleiðingum náttúruhamfaranna í vor.

Vandamálin sem Noda tekur í arf frá Kan eru ekki af smærra taginu. Fyrir utan eyðilegginguna sem jarðskjálftinn í mars og flóðið mikla skildu eftir sig sliga miklar og vaxandi ríkisskuldir efnahag landsins. Mikil óánægja er meðal almennings með stjórn landsins og stjórnmálamenn almennt.

Lýðræðisflokkurinn, sem fer með stjórn landsins, hefur átt erfitt með að koma málum í gegnum þingið þrátt fyrir meirihluta í neðri deild, því stjórnarandstaðan er með meirihluta í efri deildinni þar sem hún getur stöðvað eða torveldað framgang mála. Þar á ofan eru harðvítugar innbyrðis deilur í Lýðræðisflokknum, sem hefur þar af leiðandi átt erfitt með að ná einingu um stefnu í mikilvægum málum.

Enn er gríðarmikið verk óunnið við hreinsun og uppbyggingu á flóðasvæðunum í norðvestanverðu landinu. Um hundrað þúsund manns hafa ekki komist heim til sín vegna geislamengunar frá kjarnorkuverinu í Fukushima, auk þess sem orkuframleiðsla í landinu er illa löskuð eftir að kjarnorkuverið þar var tekið úr notkun.

Sem fjármálaráðherra hefur Noda reynslu af því að glíma við fjárhagsvanda ríkisins en þarf nú að takast á við innanflokksvanda Lýðræðisflokksins og reyna að efla trú almennings á stjórnmálin, sem hefur komist í nýjar lægðir eftir að almenningur hefur horft upp á ráðleysi stjórnvalda gagnvart náttúruhamförunum í vor.

Noda aðhyllist aðhaldssemi í ríkisfjármálum og nýtur vinsælda meðal stórlaxa í viðskiptalífinu en þykir skorta persónutöfra og ákveðni. Hann verður sjötti forsætisráðherra landsins á fimm árum, enda áttu stjórnvöld í mestu erfiðleikum með langvarandi stöðnun í efnahagsmálum áður en áfallið reið yfir í vor.

Noda var í gær kosinn leiðtogi Lýðræðisflokksins með 215 atkvæðum eftir að Naoto Kan sagði af sér fyrir helgina. Noda tekur því formlega við sem forsætisráðherra á næstu dögum.

gudsteinn@frettabladid.is



**YOSHIHIKO NODA** Nýr leiðtogi Lýðræðisflokksins og verðandi forsætisráðherra hneigir sig á flokksþingi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Danir hyggjast sigla með gamla verksmiðjutogara á miðin úti af Sómalíu:

# Ætla að fá sjóræningja til að veiða

**DANMÖRK** Hópur Dana vonast til þess að geta hjálpað sjóræningjum í Sómalíu að segja skilið við glæpastarfið og leggja fyrir sig fiskveiðar á ný, en margir þeirra eru sjómenn sem enga atvinnu hafa og stunda því sjórán.

Danirnir ætla, í samvinnu við stjórnvöld og hjálparstofnanir, að kaupa eða leigja færeyska eða grænlenska togara til að veiða á miðum úti af strönd Sómalíu. Frá þessu er skýrt á vefsíðum danska dagblaðsins Politiken.

Undanfarin ár, meðan sjórán hafa fælt fiskiskip annarra þjóða frá miðunum úti af Sómalíu, hafa fiskistofnarnir fengið frið til að stækka. Hugmyndin er sú að fara með stóra verksmiðjutogara á þessar slóðir og fara þar að dæmi Grænlendinga og bjóða heimamönnum að sigla upp að togurunum og kaupa þar af þeim fisk sem þeir hafa veitt á eigin bátum.

Það er danskur blaðamaður, Jakob Johannsen, sem er frumkvöðull þessarar tilraunar. Hann hefur áður starfað með hjálparstofnunum á borð við Barnaheill og Lækna án landamæra.

„Hugmyndin er sú að sjómenn á staðnum, sem taka þátt í verkefninu, fái borgað svo mikið reiðufé fyrir útflutninginn að þeir kjósi að vera sjómenn frekar en sjóræningjar,“ segir Johannsen. - gb



**SÓMALSKIR SJÓRÆNINGJAR** Fiskistofnar úti af ströndum Sómalíu hafa dafnað í skjóli sjórána síðustu árin. NORDICPHOTOS/AFP

HONDA
The Power of Dreams




Raðaðu þínum þörfum saman
Honda CR-V passar fyrir þær allar
á verði frá kr. **CR-V 5.490.000** (á mán. kr. 63.315*)

***Sannreyndu hvernig hagkvæmnin á Honda CR-V smellpassar***

*Rýmið passar fyrir fjöll af hamingju,*
*fjölstjörnuöryggið fyrir alla fjölskylduna,*
*sparneytnin fyrir skutlið,*
*búnaðurinn passar upp á stemmninguna*
*og allt á Honda-góðu verði.*
*Passar algjörlega.*

BERNHARD

Vatnagörðum 24 - 26 • Sími 520 1100 • www.bernhard.is
Umboðsaðilar: Reykjanesbær, Bernhard, sími 421 7800 • Akranes, Bílver, sími 431 1985
Akureyri, Höldur, sími 461 6020 • Vestmannaeyjar, Bragginn, sími 481 1535

*www.honda.is*

* Miðað við óverðtryggðan bílasamning til 84 mánaða í íslenskum krónum, 70% lánshlutfall og 8,8% vöxtum. Hlutfallstala kostnaðar er 10,12%. Bíll á mynd: CR-V Executive 2.0i með samlitaða stuðara, sílsa, hjólboga og aurhlífar.

**FRÉTTASKÝRING:** Einkarekin velferðarþjónusta

# Fólkið sem fellur milli skips og bryggju

**Hvort sem vitnað er í lög eða sáttmála sem Ísland gengst undir hafa aldraðir og fatlað fólk jafnan rétt til þess að taka þátt í samfélaginu. Tæknin, hugvitið og viljinn er til staðar svo að þetta gæti gengið eftir. Enn virðast þó slíkir hnökrar finnast á kerfinu að þeir sem gætu með aðstoð tekið þátt í samfélaginu fá ekki að gera það, jafnvel þó að þrjú fyrirtæki gætu leitt þá til mannsæmandi lífs.**

Þjóðin er að eldast og þær hendur sem halda uppi velferðarkerfinu verða sífellt færri, í hlutfalli við þá sem þurfa að nýta sér kerfið. Með hjálp tækninnar og með nútímalegum vinnuaðferðum er hægt að tryggja að aldraðir dvelji mun lengur heima. Eins er hægt að tryggja að fatlað fólk geti í lengstu lög tekið þátt í atvinnulífinu og lagt sitt af mörkum til samfélagsins í stað þess að íþyngja því. Það eykur ekki aðeins lífsgæði heldur sparar samfélaginu háar fjárhæðir. Reynslan frá Svíþjóð sýnir til dæmis að það er 43 prósentum ódýrara að aðstoða fólk í heimahúsi en að vista það á þar til gerðum heimilum.

### Viðskiptatækifæri og samfélagslegur hagur

Íslensk fyrirtæki hafa nú þegar komið auga á tækifærin sem þarna eru fyrir hendi. Öryggismiðstöðin, Vinun og Sinnum hafa þegar haslað sér völl í þessum geira, en forsvarsmenn þessara fyrirtækja voru allir sammála um að stjórnvöld þyrftu að búa betur um hnútana svo hægt væri að nýta þetta tækifæri. Nú þegar hafa Svíar komið velferðarþjónustunni í þann farveg að þeir sem ekki hafa fulla færni við að feta sig í lífinu geta valið hvaðan þeir þiggja þá þjónustu sem gerir þeim kleift að lifa sem eðlilegustu lífi; frá hinu opinbera, frá einkafyrirtækjum eða þá hjá báðum í bland. Hér á landi falla enn of margir milli skips og bryggju þannig að þó að tæknin, viljinn og þekkingin sé til sem getur fleytt þeim áfram fara þeir á mis við það og verða utanveltu í samfélaginu.

### Málefni í fjötrum forræðishyggju

Gunnhildur Heiða Axelsdóttir, fjölskyldu- og fötlunarráðgjafi og framkvæmdastjóri Vinunar, er ómyrk í máli þegar staða aldraðra og fatlaðra er rædd. Auk þess að vinna fyrir Vinun er hún að leggja lokahönd á meistararitgerð sem fjallar um líf og aðstæður fólks sem fatlast í kjölfar sjúkdóma og slysa þegar það er komið á fullorðinsár.

„Í dag er of mikil félagsleg forræðishyggja í gangi. Þeir sem leita til okkar eru hópur sem er yfirleitt mjög illa staddur og/eða aðstandendur sem eru fastir í umönnun og ná ekki að sjá um alla hluti. En það er að reynast fólki mjög erfitt að fá þjónustusamninga, sem þýðir fjármagn til að kaupa þjónustu eftir þörfum. Forræðishyggjan hjá Reykjavíkurborg, til dæmis, er það mikil að það er bara sagt: „Þú verður að prófa okkar þjónustu fyrst." Síðan bíður fólk í marga mánuði án þess að fá nokkra þjónustu, þar sem borgin getur ekki annað eftirspurn.

Við vitum líka til þess að fólk er að fara fyrr inn á stofnanir eða komast ekki af sjúkrahúsi þar sem ekki er leitað annarra úrræða en sveitarfélögin hafa upp á að bjóða, sem er góð þjónusta fyrir ákveðinn hóp en ekki fyrir alla. Það koma alltaf tímabil þegar félagsráðgjafar hringja í okkur með það



FREYJA HARALDSDÓTTIR



GUNNHILDUR HEIÐA AXELSDÓTTIR

fyrir augum að leita úrræða fyrir fólk sem er tilbúið að útskrifast af sjúkrastofnun. Þá útskýrum við ferlið, það er að segja að það sé mögulegt að sækja um þjónustusamning hjá sveitarfélaginu ef það geti ekki mætt viðkomandi með þjónustu. Þá er eins og komi babb í bátinn og félagsráðgjafarnir segjast fá þau skilaboð frá þjónustumiðstöðvunum að slíkt sé ekki í boði. Þetta sé einfaldlega ekki hægt. Fólk dvelur þá lengur en ella í dýrum hjúkrunarrýmum með tilheyrandi auknum kostnaði fyrir skattgreiðendur eða er útskrifað í hendur aðstandenda og þeir látnir taka umönnun í sínar hendur."

Um þetta getur einn viðmælandi Fréttablaðsins vitnað um, en saga hans er rakin hér til hliðar.

### Málefnum margra aldraðra og langveikra sópað undir teppi

Hún nefnir síðan dæmi þar sem erfiðlega hefur gengið að fá tilhlýðilegan þjónustusamning frá sveitarfélögum. „Það er handhægt fyrir sveitarfélögin að fara þá leið sem þau fara í dag, það er að segja að skilgreina langveika ekki sem fatlaða. Þannig geta þau neitað þeim um félagslega þjónustu eins og fatlaðir eiga rétt á samkvæmt lögum frá 1992. Það má til dæmis benda á að sveitarfélögin hafa ekki viljað viðurkenna það að parkinson-sjúkdómurinn leiði til fötlunar og að það sé eðlilegt að skilgreina einstakling sem er með parkinson sem fatlaðan. Við þekkjum nýleg dæmi þar sem fullorðin kona með parkinson óskaði eftir aðstoð við daglegar athafnir vegna fötlunar sem hún býr við vegna parkinson-sjúkdómsins en var hafnað á þeim forsendum að hún væri með sjúkdóm og að borgin skilgreindi ekki langvinna sjúkdóma sem fötlun. Þetta brýtur í bága við öll lög, meðal annars lög um málefni fatlaðra frá 1992, og skilgreiningar Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar WHO og skilgreiningar Mannréttindastofu, en þar kemur fram að fötlun sé afleiðing langvarandi veikinda.

Í dag er notuð sú aðferð að hvorki sjá né heyra. Það sem við tökum ekki á móti er ekki til, þannig mundi ég lýsa stöðunni eins og ég kynnist henni hjá borginni. Á meðan eru eldri borgarar, sem búnir eru að leggja sitt af mörkum til samfélagsins, sveltir hvað félagsleg réttindi varðar."

### Fatlað fólk tekur málin í sínar hendur í NPA-miðstöðinni

Þrátt fyrir bágt efnahagsástand er tilefni til bjartsýni, því í raun vantar frekar útfærslu en fjármuni. Og þar virðist vera kominn vísir að betri tímum. Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra skipaði verkefnastjórn um NPA, notendastýrða persónulega aðstoð, í apríl síðastliðnum. Hlutverk hennar er að móta ramma um fyrirkomulag notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar og mun hún starfa til ársloka 2014.

Aðalsteinn Sigfússon, félagsmálastjóri Kópavogsbæjar, bindur miklar vonir við þá vinnu og vonar að þar verði einnig tónninn sleginn í málefnum aldraðra. „Ég geri ráð fyrir að sú vinna og þær verklagsreglur sem verða til í lok starfstíma nefndarinnar verði leiðbeinandi um aðra þjónustu að einhverju leyti, til dæmis við aldraða," segir hann.



**Á FLÓAMARKAÐI VIÐ GRUND** Vel er hlúð að öldruðum en samt þykir mörgum ótrúlegt hversu margir fara á mis við þá þjónustu sem þeir eiga í raun rétt á þótt hún sé vissulega til staðar á Íslandi í dag, annaðhvort hjá hinu opinbera eða í einkageiranum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Saga manns sem vill leggja sitt af mörkum

Maður sem ekki vill láta nafns síns getið sagði Fréttablaðinu sögu sína, sem er gott dæmi um það hvernig fólk getur fallið milli skips og bryggju við núverandi aðstæður.

Hann er 75 prósenta öryrki og hafði móðir hans hjálpað honum við daglegt amstur. Síðan fellur hún frá og um svipað leyti fer maðurinn í nýrnaaðgerð á spítala. Dvaldi hann á spítalanum í heilt ár og segist hann ekki hafa haft nokkra þörf fyrir aðhlynningu á spítala nema þrjá mánuði en hina níu mánuðina hefði hann hæglega getað verið heima, hefði hann fengið þjónustu þar. Hann segir að honum hafi verið farið að líða verulega illa yfir því að halda spítalaplássi sem aðrir hafi haft þörf fyrir frekar en hann. Hann segir líta út fyrir að enginn hafi vitað hvernig taka ætti á hans málum og á meðan hafi hann verið látinn bíða á spítalanum.

Eftir þessa vist fær hann svo heimilisþjónustu og í framhaldinu fær hann vinnu við þjónustustörf. Eftir aðgerðina þarf hann að hafa þvagpoka. Tvívegis missir hann pokann frammi fyrir viðskiptavinum og þá biður hann Reykjavíkurborg um aðstoðarmann sem geti komið til hans í vinnuna tvisvar á dag. Hann er spurður á móti hvort hann geti ekki fengið aðstoð frá samstarfsmönnum. Eðlilega býður blygðunarkennd hans ekki upp á að biðja um slíka hálp frá kollega. Hann missir vinnuna og er nú atvinnulaus og sér ekki fram á að geta framfleytt sér. Hann hefur nú beðið Reykjavíkurborg um að þarfir hans og réttindi verði metin svo hann geti gert þjónustusamning við hvern þann sem geti veitt honum þá þjónustu sem geri honum kleift að vera virkur í þjóðfélaginu. Eftir þrjá mánuði er erindið enn í afgreiðslu. Hann segist þurfa mjög einfalda aðstoð, aðstoðarmann sem kæmi til hans í fimm mínútur, nokkrum sinnum á dag, allt eftir þörfum. Honum gremst að vita til þess að þessa þjónustu sé mjög einfalt að veita en samt sé hún utan hans seilingar.

NPA-verkefnastjórnin nýtur þess að árið 2010 var svokallaðri NPA-miðstöð ýtt úr vör, en það er samvinnufélag og þar hafa þjónustunotendur sjálfir lagt línurnar. Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastjóri NPA-miðstöðvarinnar, segir markmiðið með henni vera það að gera fötluðu fólk kleift að hafa fulla stjórn á allri aðstoð sem það telji sig þurfa, meðal annars með því að ákveða hver, hvar, hvernig og hvenær aðstoðin sé veitt, og að fatlað fólk njóti jafnréttis og taki þátt í samfélaginu. Í því felst að þjónustunotandinn ræður sjálfur starfsfólk sér til aðstoðar.

### Þörf fyrir nýjar leikreglur

Þetta gefur tilefni til að álíta sem svo að verið sé að fikra sig í rétta átt. Ef rætt er við fræðimenn, fyrirtæki í velferðarþjónustu, aðstandanda aldraðrar manneskju, öryrkja og spurt um viðhorf frá sveitarfélögum virðist ekkert skorta á viljann hjá þeim sem að þessari þjónustu koma. Hins vegar þarf að uppfæra þær leikreglur sem farið er eftir svo að fjöldinn allur af höltum leikmönnum og aðstandendum þeirra sé ekki látinn fylgjast með sjálfum leiknum af hliðarlínunni meðan hægt væri með réttri aðstoð að kalla þennan hóp til leiks.

**Jón Sigurður Eyjólfsson**
jse@frettabladid.is



## Hagurinn af því að vera heima

Öryggismiðstöðin gerði úttekt á þörfinni fyrir einkarekna velferðarþjónustu og hver hagur samfélagsins yrði með slíkri þjónustu áður en fyrirtækið einhenti sér í þann rekstur. Ómar Örn Jónsson markaðsstjóri kynnti Fréttablaðinu niðurstöðurnar, en þær sýna meðal annars að hagnaðurinn yrði talsverður fyrir samfélagið. Hann segir að sá kostnaður sem hið opinbera hafi greitt fyrir hverja manneskju á hjúkrunarheimili árið 2007 að meðaltali hafi verið um tuttugu þúsund krónur á sólarhring, rúmar sjö milljónir á ári fyrir hverja manneskju. Heildarkostnaður var 23 milljarðar.

Það ár voru rúm 24 prósent Íslendinga áttatíu ára og eldri vistmenn á hjúkrunarheimilum og tæplega níu prósent Íslendinga 65 ára og eldri. Ef sama hlutfall eldri borgara verður á stofnunum næstu árin segir hann að árið 2020 verði þessi kostnaður um 31 milljarður og árið 2050 verði hann um 72 milljarðar.

Hann segir að reynslan frá Svíþjóð, þar sem heimamiðuð velferðarþjónusta hafi verið þróuð, sýni að hægt sé að spara 43 prósent með því að aðstoða fólk við að vera heima í stað þess að það flytji á hjúkrunarheimili. Fyrir hverja manneskju sem fær aðstoð heima og losnar þannig við að fara á hjúkrunarheimili sparar sveitarfélagið þá um þrjár milljónir á ári.



ÓMAR ÖRN JÓNSSON

## Hverjir þiggja aðstoð frá einkageiranum?

Í mörgum tilfellum hafa sveitarfélög samvinnu við fyrirtækin Öryggismiðstöðin, Sinnum og Vinun, um þjónustu sem sveitarfélagið sér sér ekki fært að veita. Stundum kaupa aldraðir eða fatlaðir þjónustu frá þeim beint og fá þá jafnvel fjárhagslega aðstoð frá ættingjum.

Ásta Þórarinsdóttir, framkvæmdastjóri Sinnum, segir að umfangið geti verið mjög misjafnt. „Það er allt frá því að vera með þrif hálfsmánaðarlega og upp í það að hafa þrjá starfsmenn á heimilinu allan sólarhringinn."

Öryggismiðstöðin er með þjónustu á ríflega 2.000 heimilum, Sinnum á um það bil 200 og Vinun á bilinu 50 til 60.


ÚTILÍF
ÚTSÖLUMARKAÐUR
Í SMÁRALIND
50-70% AFSLÁTTUR
SPORTFATNAÐUR, SPORTSKÓR, ÚTIVISTARFATNAÐUR OG KULDAFATNAÐUR
NÁÐU ÁRANGRI. ÚTILÍF – HOLTAGÖRÐUM. GLÆSIBÆ. KRINGLUNNI. SMÁRALIND. WWW.UTILIF.IS

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Líffræðilegur fjölbreytileiki er lykill að framtíð.

## Fegurð einfaldleikans

Þegar indverski hugsuðurinn og baráttukonan Vandana Shiva kynnir sig segir hún frá veganestinu sem foreldrar hennar sendu hana með út í lífið og felst í að vera meðvituð um fegurð einfaldleikans. Þannig leggur baráttukonan áherslu á að verkefni nútímamannsins sé að tengja að nýju það sem í samfélagi nútímans hefur verið slitið í sundur og þar með glatað merkingu sinni. Sem dæmi um þetta nefnir hún fjármálakerfi sem öðlast hefur sjálfstætt líf óháð þeim fjölmörgu þáttum sem eru því þó nauðsynlegir til að viðhalda sér. Mikilvægast er að mati Vandönu að tengja að nýju mann og náttúru því milli manns og náttúru hafi alvarlegast aðskilnaðurinn átt sér stað.

SKOÐUN

Steinunn Stefánsdóttir
steinunn@frettabladid.is



Baráttan fyrir sjálfbærri þróun og líffræðilegum fjölbreytileika, lýðræði, mannréttindum, réttindum kvenna og síðast en ekki síst gegn framgangi erfðabreyttra matvæla hefur orðið ævistarf Vandönu Shiva. Hún vill hverfa frá verksmiðjubúskap þar sem bændurnir sjálfir missa völd og verða háðir alþjóðlegum stórfyrirtækjum. Hún vill hverfa frá einhæfri framleiðslu með áherslu á magn, búskap sem byggir á eiturefnanotkun og margfalt meiri vatnsnotkun en þarf þegar unnið er í anda hefðbundinna fjölbreytilegra búskaparhátta. Hún leggur þannig áherslu á að rækta og viðhalda fjölbreytileikanum í landbúnaði og matvælaframleiðslu og lítur ekki á það sem munað heldur beinlínis forsendu þess að maðurinn lifi af.

Stærsta verkefnið í heiminum á næstu árum og áratugum er að fæða sífellt fleira fólk. Til þess að svo megi verða er nauðsynlegt að mennirnir fari betur með gæði náttúrunnar en þeir hafa gert á umliðnum árum með því að auka fjölbreytileikann og efla lífrænan landbúnað.

Vandana bendir á að vegna þess hversu óspillt Ísland sé þá eigi landið möguleika á að vera í fararbroddi í lífrænni framleiðslu. Henni finnst því að íslensk stjórnvöld ættu að leggja áherslu á lífræna framleiðslu og styðja við hana. Hún bendir á að með því að hefja góðan og hollan mat til vegs og virðingar og með því að sýna fram á að matur sem framleiddur er samkvæmt gildum líffræðilegs fjölbreytileika er betri matur en sá sem er framleiddur úr erfðabreyttum hráefnum þá ætti leiðin í átt til sjálfbærni og fjölbreytileika að verða greið.

Hvernig sem litið er á málin og hversu þróuð sem ríki teljast þá er málið í raun svo einfalt að maðurinn lifir á jörðinni. Forsenda þess að svo megi verða áfram hlýtur að vera friðsamleg sambúð manns og náttúru; að þeir milljarðar manna sem nú eru á dögum skili ekki jörðinni verr búinni til að sjá fyrir enn fleira fólki eftir 100 ár eða 1.000 ár. Til þess að svo megi verða liggur í augum uppi að sú umgengni við gæði jarðar sem nú tíðkast verður að breytast. Mennirnir geta ekki haldið áfram að menga jörð, vatn og loft eins og þeir hafa gert síðustu áratugina. Einfaldleikinn er þannig ekki bara fagur heldur beinlínis lykillinn að því að líf þrífist áfram á jörðinni.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871

Tilboðsvörur

Kattamatur 1,5kg. Aðeins 290kr.
Hundanammi margar teg. Aðeins 290kr.
Klór 1l. Aðeins 190kr.
Bodylotion 500ml. Aðeins 190kr.
Sjampó 500ml. Aðeins 190kr.
Sturtusápa 650ml. Aðeins 190kr.

DOMTI
Þín innkaup á einstöku verði.
Smáratorgi

Opnunartími
Mán. - fös. 11 - 18
Lau. 10 - 18
Sun. 13 - 18

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Velferðin varin

Þorleifur Gunnlaugsson, varaborgarfulltrúi VG, sagðist í samtali við mbl. is á sunnudag vilja hækka fjármagnstekjuskatt úr tuttugu í þrjátíu prósent. Þorleifur sagði að nú þegar fjöldi fólks ætti ekki í sig og á þyrfti að auka jöfnuð í samfélaginu. Ein leið til þess væri að skattleggja þá sem ættu meira en aðrir, til að standa undir velferðinni. Þá vísaði hann sérstaklega til þeirra sem ekki hefðu efni á húsnæði á leigumarkaði í þessu samhengi.



### Bjarnargreiði

Leið Þorleifs er þó varla heppileg fyrir leigjendur. Tekjur af leiguhúsnæði teljast nefnilega til fjármagnstekna en sjötíu prósent leigutekna eru skattskyld. Því þyrfti eigandi leiguhúsnæðis sem leigði það út á 150 þúsund krónur á mánuði að hækka leiguna um 13.291 krónu til að fá það sama í sinn hlut eftir skattahækkun. Einhver hluti skattbyrðinnar myndi leggjast á eiganda húsnæðisins en eins og leigumarkaðurinn er um þessar mundir myndi lunginn af byrðinni leggjast á leigjandann. Í þessu dæmi þyrfti hann því að greiða allt að 159.492 krónum meira á ári.

### Erlent eignarhald

Ögmundur Jónasson innanríkisráðherra skrifaði á vefsíðu sinni á sunnudag um fjárfestingaráform kínverska auðjöfursins Huang Nobu hér á landi. Ögmundur benti á að sala á íslenskri jörð til erlends ríkisborgara væri óheimil nema að veittri undanþágu frá innanríkisráðuneytinu. Síðan bætti Ögmundur því við að honum fyndist þessi fyrirvari í lögunum ekki úreltur. Sjálfsagt er að hafa skýran ramma um kaup og sölu á íslenskum jörðum og vitaskuld á að fara eftir lögum. Sú spurning stendur hins vegar eftir hvað þjóðerni kemur viðskiptum með séreignir við. magnusl@frettabladid.is



HALLDÓR




## Tilgangsleysi skólastarfs – óvænt tíðindi í skólabyrjun

Menntamál



Guðbjörg Vilhjálmsdóttir
prófessor í náms- og starfsráðgjöf við HÍ

Upphaf skólaársins er alltaf fréttaefni í fjölmiðlum hvar sem er í heiminum. Ég horfði t.d. á fréttir frá Frakklandi um styrki vegna upphafs skólaársins. Hver fjölskylda fékk um 50 þúsund krónur og í fréttinni var fylgst með því hvernig þetta létti þeim lífið. Svona stendur franska velferðarkerfið sig í stykkinu.

En hér á Fróni urðu nokkuð óvænt tíðindi í skólabyrjun þegar borgarstjórinn lýsti því yfir að leggja ætti niður skólaskyldu og hvetja fólk til að kenna börnum sínum heima, ef svo bæri undir. Mér finnst þessi hugmynd allrar umræðu verð og hvet fólk til að ræða hana í þaula, s.s. út frá hugmyndum um frelsi og mannréttindi. Sá vinkill á þessa skoðun borgarstjórans sem mér er nú hugleikinn er að hugmyndin um að leggja niður skólaskylduna er býsna náin hugmyndinni um tilgang skólagöngu. Hvers vegna fer fólk í skóla? Ég á ekki við því eitt svar, en vek athygli á að það skortir verulega á það í íslensku skólakerfi að bent sé á það með kerfisbundnum hætti

> Sá vinkill á þessa skoðun borgarstjórans sem mér er nú hugleikinn er að hugmyndin um að leggja niður skólaskylduna er býsna náin hugmyndinni um tilgang skólagöngu.

að nemendur eru í skóla til að búa sig undir starf. Kannanir sýna að einungis um 30% skóla fræða börn og ungmenni skipulega um nám og störf og hvernig þau sjálf geta fundið sig í námi eða starfi eftir grunnskóla og framhaldsskóla. Þessi tengsl á milli þess sem hver og einn hefur fram að færa og svo þess veruleika sem blasir við í atvinnulífinu verður að styrkja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Frelsi er ekki sjálfsagður hlutur

Í DAG

Jónína Michaelsdóttir
blaðamaður



Manneskjan almennt metur ekki að verðleikum það sem hún hefur fyrr en hún er svipt því. Þá fer hún að trega það. Hún tekur gott heilsufar fyrir sjálfsagðan hlut þar til hún veikist. Hún gengur að því sem vísu að fá þrjár máltíðir á dag, þangað til hún kynnist hungri, vegna aðstæðna sem hún sá ekki fyrir. Frelsi er aðeins orð þar til hún missir það, og þá fyrst fer hún að skilja hvað það er dýrmætt að hafa frelsi til athafna og frelsi til að velja.“

Með þessum orðum hefst bók lögmannsins og sakamálahöfundarins Erle Stanley Gardner, The Court of Last Resort, sem kom fyrst út í nóvember 1952, og síðan í endurbættri útgáfu 1954. Sjálfur kveðst hann reyndar hafa lært að meta frelsið með því að njóta þeirra stórkostlegu forréttinda að fá að lifa lífinu eins og honum hentaði best, og þá farið að hugsa um hvað það hlyti að vera ömurlegt að vera sviptur þessu frelsi.

Þegar athygli hans er vakin á manni sem hefur verið dæmdur til dauða á hæpnum forsendum kynnir hann sér málið og tekst með aðstoð sérfræðinga að finna rök sem bjarga þessum manni frá þeim örlögum. Í framhaldi af því fer hann að skoða mál einstaklinga sem hafa verið dæmdir á veikum forsendum, og stofnar með sex öðrum sérfræðingum í sakamálum þetta fyrirbæri: The Court of Last Resort, sem á næstu árum leggur gífurlega mikla vinnu í að rannsaka mál einstaklinga sem hafa verið kærðir án saka og fengið harða dóma. Gardner nýtir sér tengsl við virt tímarit sem segir sögu þessara manna og síðar eru gerðir leiknir sjónvarpsþættir um líf þeirra og lausn. Sem og þeirra sem vinna að málinu, sem komu svo gjarnan fram í eigin persónu í lokin. Þessir þættir munu hafa verið sýndir Bandaríkjunum árin 1957-1958 og aftur 1959-1960.

Býsna langt síðan, en samt áhugavert. Earl Stanley Gardner var þekktastur fyrir þættina um lögfræðinginn Perry Mason. Hann lést í mars 1970, áttatíu og eins árs. Tveimur árum áður kvæntist hann Agnesi Jean, ritara sínum til margra ára, sem var hin raunverulega Della Street.

**Holl áminning**

Upphaf bókarinnar er umhugsunarefni. Holl áminning. Hér á landi er þetta orðað í einni setningu:

> Silkiklæddi kúgunarhanskinn er að herða tökin og forræðishyggjan verður æ sýnilegri.

Enginn veit hvað átt hefur, fyrr en misst hefur. Það er margt verra en að rifja upp öðru hvoru það sem maður á og hefur. Líka að láta eftir sér að njóta þess.

Svo er líka hitt sem er okkur ekki að skapi. Við eigum að takast á við það án þess að láta það koma okkur úr jafnvægi. Það er til dæmis eitt af því sem er gott og gagnlegt að halda upp á. Jafnvægið. Það er ekki alltaf auðvelt, en það borgar sig.

Svo er líka mannbætandi að gera eins og Gardner, standa með þeim sem eru ranglega dæmdir, ekki vera of fljótur að trúa því versta um náungann. Eitt er að vera raunsær og glöggur, annað að vera tortrygginn. Ætla öðrum allt hið versta að tilefnislausu. Að ekki sé talað um þann ræfildóm að búa beinlínis til sögur um aðra, og breiða þær út. Hvernig sem allt sveiflast til að byrja með, þá endar aurinn alltaf hjá þeim sem ber hann í sér, þótt hann reyni að klína honum á aðra. Svo er hitt svo miklu skemmtilegra! Bæði fyrir viðkomandi og aðra.

**Allt og sumt**

Ég held að Gardner hafi rétt fyrir sér þegar hann mærir frelsið. Og líka hvað það getur verið sárt þegar það er skert. En stundum er það gert á löngum tíma, þannig að viðkomandi áttar sig ekki á því fyrr en það er orðið of seint. Það á bæði við um persónulegt frelsi og samfélagslegt frelsi. Það þarf hvorki að vera skarpur né skyggn til að finna hvernig smám saman er þrengt að frelsi einstaklingsins á Íslandi í dag. Silkiklæddi kúgunarhanskinn er að herða tökin og forræðishyggjan verður æ sýnilegri. Samt er allt í spekt og huggulegheitum. Smá nöldur öðru hvoru. Skroppið milli flokka. Það er allt og sumt.

## AF NETINU

### Bönkunum bjargað

Tvenns konar rekstur virðist búa við bakstuðning stjórnvalda og skattgreiðenda, með öðrum orðum ríkisábyrgð. Annar er opinber rekstur, hinn er fjármálastarfsemi. Munurinn er samt sá, að annar líður fyrir það að verið sé að bjarga hinum.

Út um allan heim er verið að draga saman í opinberum rekstri. Hér á landi hefur verið skorið niður í öllum opinberum rekstri og þá sérstaklega í velferðarkerfinu. Á sama tíma hefur ekkert fækkað að ráði í fjármálageiranum og það sem meira er, að meðan opinberir starfsmenn hafa búið við launaskerðingu og mikla rýrnun kaupmáttar, þá hafa laun í fjármálageiranum hækkað.

http://marinogn.blog.is/blog/

**Marínó G. Njálsson**

### Lagarde og kontóristarnir

Christine Lagarde er nýr forstjóri Alþjóða gjaldeyrissjóðsins. Hún sagði fyrir helgina, að veikburða bankar í Evrópu þyrftu að efla eiginfjárstöðu sína. Fór fyrir brjóstið á kontóristum Evrópusambandsins, sem sögðu þetta rangt. Bankarnir þyrftu hins vegar betri endurfjármögnun. Ágreiningurinn lýsir grundvallarmisskilningi kontóristanna.

jonas.is

**Jónas Kristjánsson**

# Myndin logna af Líbíu

Hernaður

Þórarinn Hjartarson
formaður Samtaka hernaðarandstæðinga á Norðurlandi



Það blasir við að myndin af „frelsun“ Trípólí var fölsk, að borgin hafi fallið í hendur „uppreisnarmanna“ sem þroskaður ávöxtur strax á fyrsta degi stórárásar á borgina. Íslenskir fjölmiðlar sögðu þá að 95% borgarinnar væru „frelsuð“ en þær hreinu línur hafa orðið óskýrari síðan.

Það er rannsóknarefni hvað her Gaddafís stenst lengi ofureflið. Áður en innrásin í Trípólí hófst höfðu sprengjuflugvélar NATO farið 20.000 flugferðir yfir Líbíu og skotið sprengjum í 8.000 ferðum. Og þetta eru nútímaleg eldflaugaskot, ekki dettandi dínamít eða napalm eins og í Víetnam. Þetta hefði dugað til að koma flestum ríkisstjórnum á hnén, þó að svonefndir uppreisnarmenn séu veikir og hefðu engu getað áorkað án eldflauga og sprengjuregnhlífar NATO.

Hinn grimmi harðstjóri á því greinilega mikinn virkan stuðning meðal þegnanna. Að hann skuli vopna lýðinn í Trípólí bendir ekki til að hann hafi vænt sér ills úr þeirri átt. Á þeim fáu fréttastofum sem gagnrýna stríðsreksturinn má sjá miklar fjöldasamkomur til stuðnings stjórnvöldum. Það fær þó almenningur á Vesturlöndum ekki að sjá.

Stríðið sem hófst í mars var frá byrjun stríð til að steypa ríkisstjórn sem ekki nýtur velþóknunar vesturveldanna, þ.e. USA og nýlenduvelda ESB.

Gaddafí lagaði sig að breyttum heimi eftir 1990, samdi frið við Bandaríkin og hóf samstarf við olíuauðhringa. Samt sleppti hann aldrei eigin ríkisyfirráðum yfir hinum auðugu olíulindum lands síns. Þetta reyndist með tímanum ólíðandi fyrir vestræna auðhringa svo Gaddafí lenti á dauðalistanum. Á þeim lista eru þau ríki sem ekki fylgja reglum Vestursins upp á punkt og prik.

Í bók sinni Winning Modern Wars: Iraq, Terrorism, and the American Empire frá 2003 skrifaði Wesley Clark, fyrrverandi yfirmaður NATO-herjanna í Kosovostríðinu, hvað hann hefði heyrt í Pentagon í nóvember 2001 þegar rædd var væntanleg innrás í Írak: „Hún var rædd sem hluti af fimm ára hernaðaráætlun og löndin voru alls sjö, fyrst Írak, síðan Sýrland, Líbanon, Líbía, Íran, Sómalía og Súdan.“

Þessum áætlunum hefur síðan verið fylgt með sífellt virkari þátttöku vestrænna ríkja. Að baki Bandaríkjunum stendur breiðfylking, allt frá hægri haukum eins og Sarkozy og Cameron til vinstristjórnanna í Noregi og á Íslandi.

Hlutverk vestrænna fjölmiðla í Líbíustríðinu er ógnvekjandi. Það takmarkast ekki við litaða og einhliða lýsingu mála heldur er ákveðin atburðarás beinlínis framkölluð með hjálp fjölmiðlanna – í viðbót við undirróður útsendara frá leyniþjónustum. Sjálft tilefni stríðsins var búið til í fjölmiðlum. Dæmi: Herferðin gegn Líbíu hófst í febrúar sl. þegar dreift var á netinu aragrúa Twitter- og Youtube-myndbanda sem sýndu hersveitir Gaddafís berja niður mótmæli, gera loftárásir á eigin borgara, sýndu afríska leiguhermenn Gaddafís o.s.frv. Þessu var svo dreift á CNN, BBC, al Jazeera og víðar sem sannleik sem kallaði á afskipti „alþjóðasamfélagsins“. Margt af því hefur verið hrakið sem hreinn tilbúningur enda er mála sannast að þegnar Líbíu hafa hvorki haft aðgang að Twitter né Youtube undanfarið svo fréttamyndirnar voru hannaðar annars staðar.

Öllu er nú snúið á haus. Árásarstríð NATO gegn smáþjóð í Afríku nefnist „skylda til að vernda líf óbreyttra borgara“ (ályktun Öryggisráðsins 17. mars). Loftárásir eru friðargæsla. Óleiðitamur þjóðarleiðtogi er úthrópaður sem glæpamaður gegn þjóð sinni meðan mestu stríðsglæpamenn okkar daga eru frelsarar. Nú fer líku fram gagnvart Sýrlandi sem er næst í röðinni.

Hinar ráðandi fréttastofur eru kirfilega tengdar NATO-herveldunum og raunar hluti af innrásarliðinu. Á bak við innrásina stendur hnattveldið eina með miðstýrð heimsyfirráð – og stýrir líka sannleikanum. Hvernig eigum við vesælar mannskepnur þá að draga hann í efa?






# Ísland á betra skilið

**Efnahagsmál**

Össur Skarphéðinsson
utanríkisráðherra



Þó að atvinnuleysi minnki, kaupmáttur aukist, auknum hagvexti sé spáð, útflutningsgreinar séu í bullandi stuði, fjárlagahalli minnki samkvæmt áætlun, skuldir Íslands séu á niðurleið, og ríkisstjórninni hafi með fyrirhyggju tekist að tryggja allar greiðslur landsins fram til ársins 2016, þá sjá hinir neikvæðu ungu menn sem leiða stjórnarandstöðuna aldrei til sólar. Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð eru njörvaðir í vítahring bölsýni og neikvæðni sem rímar ekki lengur við veruleikann. Átakanlegt dæmi um það birtist þjóðinni þegar AGS útskrifaði Ísland með hæstu einkunn, og bar lof og prís á þann einstaka árangur sem náðst hefur í efnahagsmálum. Bjarni dró árangurinn í efa. Sigmundur Davíð talaði á þeim nótum að erfitt var að skilja annað en hann teldi að starfsmenn sjóðsins hefðu falsað myndina.

## Sjálfstætt efnahagsböl

Á síðasta ári settu þessir vonarpeningar stjórnmálanna Íslandsmet í upphrópunum um að Íslendinga biði ekkert nema eymd og volæði. Mantra þeirra um „Ísland á leið til glötunar“ dró kjark úr íslensku þjóðinni. Hún hafði lamandi áhrif á frumkvæði einstaklinga sem alltaf þarf til að vinna þjóð hratt upp úr kreppu. Málflutningur þeirra um sérstaka skattaáþján á Íslandi – á sama tíma og við sitjum á neðri hluta skattastiga OECD – á örugglega þátt í að íslensk fyrirtæki hafa dregið við sig fjárfestingar. Neikvæðni leiðtoga stjórnarandstöðunnar er orðin að sjálfstæðu efnahagsböli.

Hlutverk stjórnarandstöðu er ekki bara að gagnrýna, heldur líka að bera fram hugmyndir til mótvægis við stefnu sitjandi ríkisstjórnar. Alvöruleiðtogar verða að hafa pólitíska dýpt til að móta valkosti sem byggja á öðru en svartagallsrausi. En eftir tvö ár í stjórnarandstöðu við erfiðustu aðstæður á lýðveldistímanum hefur þeim félögum ekki tekist að koma fram með aðra efnahagsstefnu en að leika stöðugt kallinn sem Bjartmar Guðlaugsson gerði frægan í „Fúll á móti“.

Þessir djúpu veikleikar eru að verða öllum ljósir. Ríkisstjórnin hefur fram að þessu þurft að taka sársaukafullar og óvinsælar ákvarðanir. Einmitt núna ættu að vera kjöraðstæður fyrir stjórnarandstöðu til að skapa sér sess trúverðugs valkosts. Það hefur henni fráleitt tekist. Ástæðan er sú að innmúruð neikvæðni er orðin að vörumerki hennar. Venjulegir Íslendingar eru orðnir dauðleiðir á úrtölum og svartagalli. Þetta kom skýrt fram í nýlegri könnun MMR. Þar vildu 43% þjóðarinnar fremur að Jóhanna og Steingrímur héldu áfram um stjórnartaumana en aðeins 33% vildu Bjarna og Sigmund Davíð til valda. Stöðug neikvæðni skapar nefnilega vantraust.

## Gjörbreytt efnahagsstaða

Í síðustu viku komu fram upplýsingar um að kaupmáttur almennings væri að aukast. Hagvöxtur, sem stjórnarandstaðan spáði að yrði lítill sem enginn á þessu ári, verður næstum 3% samkvæmt nýjum spám bæði Seðlabankans og AGS. Atvinnuleysi fer minnkandi, og er miklu minna en í mörgum ríkjum sem Íslendingar bera sig saman við. Skuldir íslenska ríkisins eru sjálfbærar og fara minnkandi. Athyglisvert er að þær eru nú hlutfallslega miklu minni en margra sterkra þjóða á borð við Japan og Belgíu, að ógleymdum Bandaríkjunum. Ríkið stefnir nú hraðbyri að því að skila afgangi á fjárlögum eigi síðar en 2014, þó hugsanlegt sé að jöfnuður náist fyrr. Ríkisstjórninni hefur þar að auki einni allra ríkisstjórna á Vesturlöndum tekist að skýla verst settu þjóðfélagshópunum þannig að ok þeirra vegna kreppunnar varð hlutfallslega minnst. Þar birtist vörumerki jafnaðarmanna.

## Gríðarsterk gjaldeyrisstaða

Í síðustu viku sigldu Íslendingar svo fljúgandi byr gegnum sjöttu og síðustu endurskoðun efnahagsáætlunar okkar og AGS – sem þeir Bjarni og Sigmundur Davíð virtust telja tómt plat. Í gegnum sex endurskoðanir stóðumst við öll próf. Íslandi er nú hampað í erlendum fjármálaritum sem dæmi um hvernig hægt er að snúa kolsvartri stöðu upp í jákvæða sókn. Á köflum hefur hins vegar partur af stjórnarandstöðunni farið hamförum gegn efnahagsáætluninni.

Ríkisstjórn Íslands hefur sömuleiðis sýnt mikla framsýni og varúð. Mat ríkisstjórnarinnar var að önnur fjármálalægð gæti leitt til erfiðleika við að afla fjármagns til afborgana af erlendum skuldum á næstu árum. Við unnum því hörðum höndum að því að tryggja nægilegan gjaldeyrisforða til að mæta slíkri stöðu – og á það reyndi. Snilld Steingríms birtist í því að hann náði síðasta skipi á erlenda fjármagnsmarkaði áður en heimurinn tók nýja dýfu og gulltryggði stöðu okkar með því að selja íslensk skuldabréf fyrir milljarð Bandaríkjadala – á betri kjörum en stærri þjóðir voru þá að fá.

Greiðslur Íslands erlendis eru því tryggðar framundir lok ársins 2016. Það er leitun að ríkisstjórn sem hefur tryggt stöðu síns lands svo tryggilega.

> Við þurfum að byggja upp nýtt Ísland. Stjórnarandstaðan þarf að taka þátt í því…

## Innistæða uppsveiflu

Ríkisstjórnin stóðst þá freistingu sem kom fram í frýjunarorðum stjórnarandstöðunnar um að taka meira út úr innistæðu okkar í fiskistofnum í hafinu. Árangurinn er sá að næstum allar tegundir eru nú á uppleið. Varanleg aukning í þorskkvóta svo nemur þúsundum tonna mun koma fram á næsta fiskveiðiári, og fyrirsjáanlegt að aukningin mun halda áfram á næstu árum. Þegar er búið að slá undir 10 þúsund tonna kvóta í karfa og auka strandveiðar. Viðbót sem nemur heilli loðnuvertíð virðist í sjónmáli. Samhliða hefur umtalsverð hækkun orðið á útflutningsvörum eins og fiskafurðum og áli. Ferðaþjónusta er í sögulegu hámarki. Bókanir fram eftir hausti hafa aldrei verið jafn miklar, og allt útlit fyrir að sameiginlegt átak ríkisstjórnar og ferðaþjónustunnar um vetrarferðamennsku muni skila góðum árangri. Á sama tíma bylgjast skapandi greinar af þrótti eins og stórsókn á mörgum sviðum þeirra sannar.

## Stórframkvæmdir og orkuöflun

Stórframkvæmdir eru í bullandi gangi við Búðarháls. Hundruð manna vinna þar sleitulaust. Búið er að selja orkuna til stækkaðs Straumsvíkurvers þar sem hundruð ársverka verða til við endurbætur á álverinu. Góðar líkur eru á að Hverahlíðarvirkjun fari af stað, og að með samvinnu orkufyrirtækja takist að afla orku til að Helguvík geti þróast. Landsvirkjun er búin að bjóða út framkvæmdir vegna virkjunar fyrir norðan, og hefur áform um frekari orkuöflun bæði í Bjarnarflagi, Þeistareykjum og Kröflu. Áætlanir um orkustreng til Evrópu, og hugsanleg tengsl hans við vatnsafl frá Grænlandi, skapa algjörlega nýja möguleika um hærra orkuverð, betri nýtingu framleiddrar orku og aukið orkuöryggi fyrir Ísland – fyrir utan þá innspýtingu sem lagning slíks strengs gæti orðið fyrir íslenskan vinnumarkað.

Rammaáætlun, sem við Þórunn Sveinbjarnardóttir hleyptum af stokkum 2007, liggur nú fyrir og er lykill að sátt milli nýtingar og verndunar. Þó deilt sé um einstaka kosti er ljóst að á grunni hennar verður hægt að ráðast í stórfellda orkuöflun á næstu árum. Það rímar við þá staðreynd, að aldrei hafa jafnmargir erlendir aðilar sýnt áhuga á hreinni, endurnýjanlegri orku og nú.

Öflun nýrrar orku mun sömuleiðis skapa möguleika á því að flytja áherslu úr frumframleiðslu yfir í þjónustustarfsemi, sem skapar meiri verðmæti fyrir Ísland og fleiri hátæknistörf. Ákvörðun um nýjan fjarskiptastreng milli Evrópu og Ameríku, sem liggur um Ísland, er líkleg til að gjörbreyta möguleikum okkar á þessu sviði, og gera Ísland að leiðandi landi á sviði gagnavera.

## Tölum ekki niður Ísland

Staðreyndin er sú, að Ísland er á góðri uppleið. Vissulega eru enn erfið verkefni framundan. Sumt hefði sannarlega mátt vinna betur. En um það verður ekki deilt að mikill árangur hefur náðst. Við erum á leið út úr kreppunni. Vandamálið í dag er vantrúin á okkur sjálf. Svartagallið hefur deyft bragðskyn okkar á tækifærin. Við þurfum sameinað átak allra, bjartsýni og góða blöndu af liðsinni stjórnvalda og framtaki einstaklingsins til að ýta leifum efnahagshrunsins aftur fyrir okkur. Við þurfum að byggja upp nýtt Ísland. Stjórnarandstaðan þarf að taka þátt í því, og leyfa sér þann munað að sjá öðru hvoru til sólar. Sérstaklega þeir Bjarni og Sigmundur Davíð. Tölum ekki niður Ísland.

# Hugræn atferlismeðferð

**Heilbrigðismál**

Eiríkur Örn Arnarson
forseti Evrópuráðstefnunnar um hugræna atferlismeðferð



Félag um Hugræna atferlismeðferð (FHAM) var stofnað árið 1987 af sjö sálfræðingum. Varla datt nokkru okkar í hug að tuttugu og fjórum árum síðar yrði tala félaga orðin 260 og komið yrði á skipulegt eins og tveggja ára nám í Hugrænni atferlismeðferð (HAM) í samvinnu við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands og The Cognitive Therapy Centre í Oxford í Englandi.

Þegar hafa 79 HAM-sérfræðingar útskrifast úr tveggja ára námi auk 12 handleiðara með viðbótarmenntun. Einnig hefur verið boðið upp á eins árs þverfaglegt(u) hagnýtt(u) grunnnám(i) í HAM og 80 lokið námi eða samtals hátt í tvö hundruð einstaklingar. Í náminu er áhersla lögð á hagnýta þekkingu á sviði hugrænnar atferlismeðferðar. Lagt hefur verið upp úr hagnýtum, reynslumiðuðum kennsluaðferðum og að meta hugsanir, líðan og atferli. Einnig er lögð áhersla á hugræna atferlismeðferð klíniskra vandkvæða byggða á rannsóknarniðurstöðum og klíniskar rannsóknaraðferðir. Handleiðsla er veitt af sérfræðingum í HAM. Mat á árangri er byggt á þátttöku, hópvinnu, einstaklingsverkefnum og meðferð. Klínísk meðferðarvinna er metin og þátttakendur hljóta skírteini í lok formlegrar þjálfunar, en námið uppfyllir kröfur Evrópusamtaka um hugræna atferlismeðferð (EABCT) og er metið til eininga hjá EHÍ.

FHAM hefur tekið þátt í starfi Evrópsku samtakanna um hugræna atferlismeðferð (EABCT) í meira en 20 ár og hefur einn félaganna verið formaður þeirra. Félagið hefur verið ötult við að kynna HAM á Íslandi með því að bjóða upp á námskeið og fyrirlestra þekktra fræðimanna.

FHAM hélt vel heppnað Norrænt þing um hugræna atferlismeðferð á árinu 1992 og tóku 150 manns þátt. Vinsældir HAM á Íslandi og vaxandi styrkur FHAM varð félaginu hvatning til að taka þeirri áskorun að halda 41. EABCT ráðstefnuna á Íslandi dagana 31. ágúst - 3. September n.k. og hafa 1.200 þátttakendur frá 38 löndum og öllum heimsálfum skráð sig á ráðstefnuna .

HAM sækir aðferðarfræði sína til atferlisfræði og atferlisgreiningar. Þannig eru hugsanir litnar svipuðum augum og atferli. Það má fylgjast með hugsunum og skrá hvenær þær skjóta upp kolli, við hvaða aðstæður, stiga ágengni þeirra og hve oft þær láta á sér bæra. Þannig má greina hvernig þær tengjast atferli. Með því að skrá einnig líðan má sjá hvernig hugsanir tengjast henni.

Frá upphafi hefur verið lögð áhersla á að meta árangur HAM eftir megindlegri aðferðarfræði. Á þann hátt hefur verið unnt að setja fram kenningar, skrá og vinna úr upplýsingum, sjá hvernig fram vindur og marka leið fram á við. Þannig þróaðist meðferðin úr því að vera einungis ætluð þunglyndum í að vera kjörmeðferð fyrir mörg geðræn vandamál.

HAM einkennist af samvinnu byggðri á reynslu og er meðferðin aðgengileg því skjólstæðingur tekur virkan þátt í meðferð. Reynslusamvinnan býður upp á sameiginlega nálgun í meðferð þar sem skjólstæðingur safnar gögnum, sem hann fer yfir með þerapista. Þeir vinna saman, skilgreina vanda, gera tilraunir, prófa tilgátur og bera saman leiðir til að greiða úr vanda. Þerapisti er alltaf virkur og beitir s.n. Sókratískri samtalsaðferð og leiðbeinir. Virðing fyrir skjólstæðingi er hluti af ferlinu. Samvinna einstaklinga við að fá hugræna mynd af vandamálum skjólstæðings er miðlæg, hún gerir ferlið og stefnuna skýra og leiðir til markmiða, sem eru í stöðugri mótun og leiðarvísir fyrir meðferð.

Stjórnvöld og heilbrigðistryggingakerfið gera kröfu um að meðferð sé markviss, skilvirk, byggð á lausnum og vísindalega sannreynd. Þegar fólk hefur meðferð, tekur frá tíma, leggur fram peninga og tilfinningalega orku vill það vera visst um að líkur á árangri séu góðar. Niðurstöður vísindalegra rannsókna á HAM hafa leitt í ljós að hún er árangursrík aðferð til að draga úr einkennum og tíðni bakslaga geðraskana með eða án lyfjagjafar og m.t.t. tíma og kostnaðar telst meðferðin hagkvæm .

Þegar útgjöld heilbrigðismála takmarka svigrúm til að veita sálfræðilega meðferð er mikilvægt að horft sé til gagnreyndrar sálfræðimeðferðar, en vinna þarf að því að bæta aðgengi að sálfræðilegri meðferð.

Talið er að HAM muni vaxa fiskur um hrygg eftir því sem kröfur um góða geðheilsu almennings eykst. Enn er ónefnt að aðferðir byggðar HAM gætu komið að góðu gagni í heilbrigðis-, félags- og skólakerfinu við það að fyrirbyggja þróun ýmissa sálrænna vandkvæða. Þar er óplægður akur og verk að vinna.

# nicorette®

## auðveldar þér að hætta að reykja




Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí
með piparmintu- og ávaxtabragði

**Taktu prófið**
**og leggðu saman stigin**

1. **Hve langur tími líður frá því þú vaknar og þar til þú reykir fyrstu sígarettuna?**
   ○ Minna en 5 mín. (3) ○ 6-30 mín. (2)
   ○ 31-60 mín. (1) ○ Meira en 60 mín. (0)
   STIG ○

2. **Átt þú erfitt með að reykja ekki þar sem reykingar eru bannaðar?**
   ○ Já (1) ○ Nei (0)
   STIG ○

3. **Hvaða sígarettu finnst þér verst að vera án?**
   ○ Fyrstu sígarettunnar að morgni (1)
   ○ Einhverrar annarrar (0)
   STIG ○

4. **Hve margar sígarettur reykir þú daglega?**
   ○ 1-10 (0) ○ 11-20 (1)
   ○ 21-30 (2) ○ 31 eða fleiri (3)
   STIG ○

5. **Reykir þú meira fyrri hluta dags en seinni hluta?**
   ○ Já (1) ○ Nei (0)
   STIG ○

6. **Reykir þú þegar þú ert veik/veikur eða rúmliggjandi?**
   ○ Já (1) ○ Nei (0)
   STIG ○

**Samanlagður fjöldi stiga** ○

**Viðmiðunartafla**
1 pípa = 3 sígarettur
1 vindill = 4-5 sígarettur
1 smávindill = 3 sígarettur

## Val á Nicorette lyfjaformi

| 1-2 | 3-5 | 6-7 | 8-10 |
|---|---|---|---|
| Tyggigúmmí 2 mg | Tyggigúmmí 2 mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg | Plástur 25 mg + Tyggigúmmí 2 mg |
| Innsogslyf | Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf | Plástur 25 mg + Innsogslyf |
| Tungurótartafla /Munnsogstafla 1 stk | Tungurótartafla /Munnsogstafla 1 stk | Tungurótartafla 2 stk | Tungurótartafla 2 stk |
| | Plástur 15 mg | Tyggigúmmí 4 mg | Tyggigúmmí 4 mg |
| | | | Nefúðalyf |

nicorette®



Munnsogstöflur Nikótínlyfjatyggigúmmí Nefúðalyf Dagplástur Innsogslyf Tungurótartöflur

Nicorette nikótínlyf eru fáanleg án lyfseðils og eru notuð til meðferðar á nikótínfíkn og til að draga úr fráhvarfseinkennum þegar reykingum er hætt eða þegar dregið er úr þeim. Skammtar eru einstaklingsbundnir eftir því hve mikið er reykt en hámarksdagskammtar eru: Lyfjatyggigúmmí 24 stk, Innsogslyf 12 hylki, Nefúði 80 úðar, Forðaplástur 1 stk. Tungurótartöflur 40 stk. Munnsogstöflur 15 stk. Leitið til læknis eða lyfjafræðings ef þörf er á frekari upplýsingum um lyfin. Þeir sem fengið hafa ofnæmi fyrir nikótíni eða öðrum innihaldsefnum lyfsins, nýlegt hjartaáfall, óstöðuga versnandi hjartaöng, alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða nýlegt heilablóðfall eiga ekki að nota Nicorette. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette, og munnsogstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára nema í samráði við lækni. Þungaðar konur og konur með barn á brjósti skulu eingöngu nota Nicorette í samráði við lækni. Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið. Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., Hörgatún 2, 210 Garðabæ.

# tímamót

timamot@frettabladid.is



39 **CAMERON DIAZ** leikkona er 39 ára.

*„Fita er eina meðalið við timburmönnum. Löðrandi ostborgari og franskar, eins og ég fæ mér daglega. Sumir eru fyrir súkkulaði og sætindi. Ég elska franskar kartöflur. Þær og kavíar.“*

## Merkisatburðir

1720 Jón Vídalín Skálholtsbiskup lætur lífið á leið norður Kaldadal. Staðurinn var nefndur Biskupsbrekka og þar reistur kross til minningar um atburðinn.

1779 Hið íslenska lærdómslistafélag stofnað í Kaupmannahöfn til að fræða Íslendinga í bústjórnarefnum og bæta vísindakunnáttu þeirra og bókmenntasmekk.

1874 Efnt er aftur til þjóðhátíðar í Reykjavík í blíðskaparveðri, eftir að bæjarbúum hafði þótt þjóðhátíðarhald í Öskjuhlíð í byrjun mánaðarins misheppnast.

1967 Borgarskálabruninn. Tvær stórar vöruskemmur Eimskipafélagsins við Borgartún brenna.

**ÞETTA GERÐIST** 30. ÁGÚST 1963

## Kennedy fær beina línu til Moskvu



Á þessum degi árið 1963 varð John F. Kennedy fyrstur Bandaríkjaforseta til að fá beint símasamband við Kreml í Moskvuborg.

Símasambandinu var komið á laggirnar til að auðvelda samskipti milli forsetans og sovéska forsætisráðherrans í kjölfar stirðra samskipta þjóðanna þegar minnstu munaði að kjarnorkustríð skylli á eftir að ríkisstjórn Kennedys komst á snoðir um að Sovétmenn hefðu komið kjarnaoddum fyrir á Kúbu.

Í deilunni spannst upp mikið taugastríð sem dróst á langinn vegna tafsamra tjáskipta þegar dulkóðuð skilaboð þurfti að senda yfir hafið með símskeytum milli Kremlin og Pentagon. En jafnvel þótt Kennedy og Krústsjov hafi á endanum náð sáttum í Kúbudeilunni leiddi ótti við framtíðar misskilning til uppsetningar á bættri samskiptaleið þar sem ráðamennirnir gátu verið í sambandi allan sólarhringinn, allan ársins hring, en aðeins í neyðartilvikum.



**Á RÓNASLÓÐUM** Hér stendur Guðjón Friðriksson við Grjótið á horni Hafnarstrætis og Pósthússtrætis, þar sem í kjallaranum voru áður fangageymslur lögreglunnar þegar Hafnarstrætisrónarnir voru og hétu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

GUÐJÓN FRIÐRIKSSON SAGNFRÆÐINGUR: LEIÐIR RÓNAGÖNGU Á LAUGARDAG

# Rónar með dónum í Svínastíu

„Ég er nú enginn sérfræðingur í rónum, en af nógu er að taka þegar kemur að áhugaverðum heimildum um alræmdar drykkjubúllur höfuðstaðarins,“ segir Guðjón Friðriksson sagnfræðingur, sem næstkomandi laugardag býður áhugasömum í rónagöngu um miðbæ Reykjavíkur. Gangan er ókeypis og allir velkomnir, en það eru samtökin SÁÁ sem standa fyrir göngunni í þeim tilgangi að kynna löndum sínum söguna.

„Stoppað verður við þekktar krár og við byrjum í Aðalstræti þar sem Svínastían stóð. Þar drukku dónarnir, en svo voru þeir lægst settu í þjóðfélaginu kallaðir. Oft var sagt um skáldið Benedikt Gröndal, sem stundum fór á drykkjutúr, að hann vildi frekar drekka með dónum en höfðingjum, og fór þá beint í Svínastíuna, sem var í raun stéttaskipt því þar var líka Káetan þar sem sátu að sumbli skipstjórar og stýrimenn.“

Guðjón mun einnig rölta rónaslóð um Hafnarstræti, sem var fram undir 1960 aðalrónagata bæjarins, samanber uppnefnið Hafnarstrætisróni.

„Á þeim árum stóð lögreglustöðin við Hafnarstræti, en þegar hún fluttist upp á Hlemm fór óreglufólkið með. Þetta tvennt virðist því fylgjast að, en lögreglan hefur jú oft skotið skjólshúsi yfir rónana og þeir sjálfir leitað þar skjóls,“ segir Guðjón og staldrar við veitingastaðinn Hornið í Hafnarstræti, þar sem áður var Bar Reykjavíkur, sá alræmdasti á kreppuárunum.

„Þar drukku menn sem kallaðir voru barónar. Sumir halda því fram að þaðan sé orðið róni komið, sem stytting á baróni. Til eru ófrýnilegar lýsingar á því hversu sóðalegur og svæsinn Bar Reykjavíkur var, en þar voru slagsmál og læti daglegt brauð og í eitt hornið pissuðu menn þar sem þeir stóðu,“ upplýsir Guðjón.

„Rónar virðast fylgja borgarsamfélögum, en misjafnt hvernig þeir hafa það. Í gamla daga sváfu þeir margir mót suðri undir bárujárnsgirðingu sem lá þvert yfir Arnarhól og gárungarnir kölluðu Grand hótel. Þá áttu margir næturstað í yfirgefnum skipum, eins og einu sem lá talsvert lengi úti við Örfirisey. Á árum áður áttu líka margir rónar vini í kaupmannastétt, sem oft viku að þeim bita, en eftir að eiturlyf urðu algengari í neyslu hafa menn orðið óútreiknanlegri, á meðan gömlu rónarnir voru meinleysisgrey og auðreiknanlegir,“ segir Guðjón og tekur fram að hann fari ekki á slóðir núverandi bæjarróna í göngunni á laugardag, því það þyki honum varða friðhelgi einkalífsins.

„En gangan er á vegum SÁÁ og aldrei að vita nema fyrrverandi og núverandi rónar sláist með í för, enda allir velkomnir. Ég mun hins vegar ekki verða með brjóstbirtu á pela, en hlakka til og á von á skemmtilegri göngu.“

thordis@frettabladid.is

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ruth Guðmundsson**

Seljahlíð, Hjallaseli 55,

lést á heimili sínu miðvikudaginn 17. ágúst. Jarðarförin fer fram frá Fossvogskirkju miðvikudaginn 31. ágúst klukkan 13. Þeim sem vilja minnast hinnar látnu er bent á minningarsjóð Seljahlíðar, sími: 540-2400.

**Guðmundur J. Axelsson** — **Arndís Axelsson**
**Dóra Axelsdóttir** — **Guðmundur R. Jónsson**
**barnabörn og langömmubörn.**

---



†

*Okkar ástkæra,*

**Hrund Helgadóttir**

hjúkrunarfræðingur

lést á líknardeild Landspítalans að kvöldi 27. ágúst.

**Hörður V. Sigmarsson**
**Eva Bjarnadóttir** — **Snorri Örn Arnarson**
**Hervör Hólmjárn**
**og systkini hinnar látnu.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi, bróðir og mágur,*

**Hjálmar Haraldsson**

skipstjóri,

lést í faðmi fjölskyldu sinnar á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja, fimmtudaginn 25. ágúst.
Hjálmar verður jarðsunginn frá Grindavíkurkirkju, föstudaginn 2. september kl. 14.00.
Sérstakar þakkir til starfsfólks D-deildar Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir einstaka umönnun og hjartahlýju.

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**
**Haraldur Harðar Hjálmarsson** — **Linda Rós Sveinbjörnsdóttir**
**Kristín Guðrún Hjálmarsdóttir** — **Kjell Ove Aarö**
**Eva Margrét Hjálmarsdóttir** — **Arnar Daníelsson**
**Sigríður Helga Hjálmarsdóttir** — **Davíð Árnason**
**Anna Kristín Hjálmarsdóttir** — **Magnús Kristján Guðjónsson**
**Laufey Unnur Hjálmarsdóttir** — **Bjarki Þór Sveinsson**
**Rósey Rán Hjálmarsdóttir** — **Indriði Kristinn Guðjónsson**
**barnabörn, barnabarnabarn, systkini og mágar hins látna.**

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið
**timamot@frettabladid.is.**

---



†

*Faðir okkar og tengdafaðir,*

**Lúðvík Ingvarsson**

fyrrum sýslumaður og síðar prófessor,

er látinn.
Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Karl Lúðvíksson** — **Borghildur Brynjarsdóttir**
**Margrét Lúðvíksdóttir** — **Ingimundur Friðriksson**
**Ari Már Lúðvíksson** — **Helga Guðrún Helgadóttir**
**Ágúst Lúðvíksson** — **Amei Hoffmann**
**Ingiríður Lúðvíksdóttir**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem heiðruðu minningu, sýndu samúð og hlýhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Páls Eiríkssonar**

fyrrverandi yfirlögregluþjóns.

Sérstakar þakkir viljum við færa Lögreglukórnum og félögum úr Oddfellowstúkunni Ingólfi.

**Svanfríður Gísladóttir**
**Sigrún Pálsdóttir** — **Ingjaldur Eiðsson**
**Gísli Pálsson** — **Kolbrún Gísladóttir**
**Eiríkur Örn Pálsson** — **Arnheiður Ingimundardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**Fitusýrur** eru manninum lífsnauðsynlegar. Jafnvægi þarf að ríkja á milli neyslu omega-3 og omega-6 fitusýra en mun meira er af omega-6 í mataræði Vesturlandabúa. Of mikið af omega-6 getur dregið úr upptöku á omega-3 en mikil neysla omega-3 dregur ekki úr upptöku á omega-6. Því er gott að taka inn omega-3.


# ;ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ **Sölufulltrúar:** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Brynja Dan Gunnarsdóttir** brynjadan@365.is 512-5465 **Snorri Snorrason** snorris@365.is 512



NÝKOMINN - FLOTTUR



Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Opið mán.-fös. 10-18.
Lokað á laugardögum í sumar.
Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is
Vertu vinur

Teg 810857 - léttur og mjúkur í CD skálum á kr. 4.600,- buxur í stíl á kr. 1.995,-



Full búð af nýjum vörum fjölbreytt úrval

Lífstykkjabúðin
Stofnuð 1916
Laugavegi 82 ( á horni Barónsstígs ) Sími 551 4473



GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
BITAFISKUR
-næring fyrir líkama og sál




**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga, Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.



Eirberg

**Rafskutlur**
-frelsi og nýir möguleikar

Einfaldar í notkun og hagkvæmar í rekstri



Ný kynslóð

Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is


**Arnaldur Birgir Konráðsson, þjálfari og framkvæmdastjóri, opnar útibú Boot Camp í Kaupmannahöfn.**

# Ástin kviknar í Boot Camp



FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Í gegnum tíðina hef ég fengið ótal óskir um að opna Boot Camp-stöð utan landsteinanna, en akkúrat núna er hárréttur tími því konseptið er heilsteypt og fullreynt til árangurs,“ segir Arnaldur sem fyrir sjö árum fékk hugmyndina að Boot Camp-æfingakerfinu ásamt Róberti Traustasyni.

Nú er Boot Camp á leið í víking, því útibú verður opnað í Kaupmannahöfn 12. september.

„Þegar Íslendingur og Dani, búsettir í áratylft ytra, vildu opna Boot Camp í Köben töldum við hugmyndina og æfingakerfið eiga fullt erindi út,“ segir Arnaldur um nýju stöðina, sem hlotið hefur nafnið Budz Boot Camp.

„Budz er komið af enska orðinu buddies, sem á íslensku þýðir félagar og er einkar viðeigandi fyrir Boot Camp, sem gengur út á samstarf og hópefli yfir krefjandi verkefnum í skemmtilegum félagsskap,“ útskýrir Arnaldur, sem hefur horft upp á ótal félaga bindast traustum vinaböndum.

„Í Boot Camp eru talsverðar líkur á að finna ástina. Ég hef ekki lengur tölu á ástarsamböndum sem hér hafa kviknað og Boot Camp-brúðkaup orðin allmörg. Ástin kviknar yfir sameiginlegu áhugamáli og jákvætt að báðir aðilar eru heilbrigðir á sál og líkama,“ segir Arnaldur broshýr.

Hérlendis stunda á annað þúsund manns Boot Camp og mikill spenningur úti að fá Boot Camp til höfuðborgar Danaveldis.

„Þetta lofar allt mjög góðu og seinna meir ætlum við í stærri hluti, en stígum jafnframt varlega til jarðar,“ segir Arnaldur.

Sjá nánar á bootcamp.dk og budzbootcamp.dk. *thordis@frettabladid.is*




Stuðnings stöngin

LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ

Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999



Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir Iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.

- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.

Vilji
vilji.is
...léttir þér lífið
Sími 856 3451 • www.vilji.is

- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.

**Kynning - auglýsing**

# Komst á beinu brautina á Heilsuhótelinu

**Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari hóf nýtt líf á Heilsuhótelinu og hefur misst þrettán kíló.**

Fiðluleikarinn Sigrún Eðvaldsdóttir hafði lengi barist við að ná jafnvægi í mataræði sínu þegar hún ákvað að skella sér á Heilsuhótelið og dvelja þar í tvær vikur og fara í gegnum hreinsunarprógramm. Hún missti sjö kíló á þeim tíma og hefur viðhaldið þeim lífsstíl sem hún tileinkaði sér á hótelinu. Sex kíló í viðbót hafa farið síðan þá. „Jónína Benediktsdóttir hefur alltaf verið afar sæt við mig í gegnum árin, en ég kynntist henni árið 1998 og hún hefur fylgst með mér og sá hvert stefndi með mína heilsu. Ég hef alltaf átt í veseni í sambandi við mat og var orðin of þung," segir Sigrún.

Fiðluleikarinn hafði fylgst með starfi Jónínu og hitti hana einu sinni þegar hún var að auglýsa heilsunámskeið og hafði þá hrifist af. „Það urðu fagnaðarfundir og hún hvatti mig til að fara á Heilsuhótelið í tveggja vikna hreinsunarprógramm. „Þetta er það besta sem þú getur gert fyrir þig," sagði Jónína og þar sem ég var búin að reyna mikið sjálf að koma mínum málum í lag, án árangurs, ákvað ég að slá til."

Sigrún segist hafa upplifað einhverja töfra í líkamanum þegar hún fór á Heilsuhótelið. „Matseðillinn samanstóð af miklu grænmeti og öll kolvetni voru alfarið tekin út í þessar tvær vikur ásamt sykri og áfengi. Fyrst fóru sjö kílóin og þá var mér sagt að ef ég héldi mínu striki væru þetta kíló sem kæmu aldrei aftur, sem var mikil hvatning til að halda áfram. Þá fór ég í sex mánaða áfengisbindindi eftir dvölina, því mikill sykur er í áfengi, og í dag er ég þrettán kílóum léttari en ég var. Nú passa ég mig á venjulegu brauði og borða bara súrdeigsbrauð frá Grímsbæ."

Sigrún segir stemninguna á Heilsuhótelinu vera afar góða, bæði séu þar frábært starfsfólk og fyrirlesarar og svo hafi verið gaman að vera í hópi með fólki sem allt hafi verið að keppa að því sama. „Ég uppskar mjög mikið, hvíldist vel og naut dvalarinnar. Tónlistarmenn eiga það til að keyra sig út og hugsa ekki nóg vel um sjálfa sig. Þeir gleyma sér bara, lenda gjarnan í meiðslum og alls konar kvillar geta hrjáð atvinnutónlistarfólk. Þeir ranka stundum við sér of seint og ég var nálægt því, en nýja lífið mitt gerir það að verkum að ég hef miklu meira úthald, sem skiptir öllu máli," segir Sigrún og bætir við að æfingar í ketilbjöllum hafi líka hjálpað mikið.

„Ég kynntist yndislegu fólki og ef ég þyrfti að velja milli tveggja vikna á fimm stjörnu lúxushóteli á Taílandi eða tveggja vikna á Heilsuhótelinu myndi ég velja Heilsuhótelið, þetta var svo mikill lúxus og mikill styrkur sem maður öðlaðist," segir Sigrún, sem segist hafa komið út úr meðferðinni með hlaðin batterí og tilbúin að halda sig á beinu brautinni.



**„Tónlistarmenn eiga það til að keyra sig út og hugsa ekki nóg vel um sjálfa sig. Þeir gleyma sér bara, lenda gjarnan í meiðslum og alls konar kvillar geta hrjáð atvinnutónlistarfólk. Þeir ranka stundum við sér of seint, og ég var nálægt því," segir Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari.** MYND/GVA

heilsuhótel íslands

## Reykleysisnámskeið

**Helgina 2. – 4. september 2011 verður haldið námskeið fyrir þá sem vilja hætta að reykja. Námskeiðið er sérhannað af þekktum einstaklingum sem oft hafa aðstoðað reykingarfólk.**

Aðferðin sem beitt er hefur skilað gríðarlegum árangri og flestir hætt fyrir lífstíð án þess að nýta nikótíntyggjó eða annað eftir námskeiðið.

**Leiðbeinendur**
Valgeir Skagfjörð, leikari og tónlistarmaður
Dr. Ásgeir Helgason dósent í sálfræði og lýðheilsufræðum

Fyrirtæki og einstaklingar geta staðfest þátttöku með því að senda tölvupóst á netfangið heilsa@heilsuhótel.is með helstu upplýsingum. Takmarkaður fjöldi og því nau ðsynlegt að panta strax.

Verð 49.500 með gistingu, fæði og námskeiðsgjaldi. Flest stéttarfélög og fyrirtæki styrkja reykleysisnámskeið. Nánari upplýsingar á **www.heilsuhotel.is**

### NÆSTU HEILSUNÁMSKEIÐ

*Fjöldi spennandi námskeiða er hjá Heilsuhóteli Íslands á næstunni.*

**Næstu heilsunámskeið hótelsins eru:**

**Árið 2011**
9.-23. september
14.-28. október

**Árið 2012**
6.-20. janúar
2.-16. mars

Nánari upplýsingar í síma 512-8040 eða heilsa@heilsuhotel.is

Heilsuhótel Íslands,
Ásbrú, Reykjanesbæ.
www.heilsuhotel.is



Starfsfólk Heilsuhótels Íslands tekur vel á móti gestum.

### CITROSEPT BIOFLAVINOID LOKSINS Á ÍSLANDI

Efnið Bioflavinoid skortir í nútímafæði mannsins en er nauðsynlegt mannslíkamanum, meðal annars til þess að vinna á og útrýma candida-sveppnum og sveppasýkingum í líkamanum. Bioflavinoid er unnið úr hvítu himnunni sem umlykur greipaldinávöxtinn.




- Citrosept dregur úr sykurlöngun
- Gott fyrir alla sem sækja í sætindi
- Citrosept er ríkt af andoxunarefnum og forvörn gegn krabbameini
- Citrosept er frábært eftir sýklalyfjanotkun

Pöntunarsími: 512-8040
www.heilsuhótel.is



### ENDURNÝJUÐ ORKA

Afeitrun eða hreinsun er eitt það besta sem hægt að að bjóða sjálfum sér upp á í önnum dagslegs lífs.

Rannsóknir sýna að fólk er orkuminna en áður og því er skiljanlegt að nokkur hundruð manns leiti árlega í að endurnýja orku sína á Heilsuhóteli Íslands. Rannsóknir sýna líka að veikindadögum fækkar, gæði svefns aukast og þreyta minnkar eða hverfur í kjölfar dvalarinnar.

Það skiptir öllu hvaða við borðum og hvernig við nýtum tíma okkar við að auka lífsgæði daglegs lífs. Þessi atriði eru einnig kynnt á milli þess að gestir njóta þeirrar þjónustu sem stendur þeim til boða.

# Færri í endurmenntun

**Færri sjúkraflutningamenn ganga í gegnum endurmenntunarnámskeið hjá Sjúkraflutningaskólanum en fyrir hrun. Skólastjóri skólans segir námskeiðin nauðsynleg þar sem fræðin breytist hratt.**

Starfsemi Sjúkraflutningaskólans hefur dregist töluvert saman undanfarin þrjú ár og hefur námskeiðum og fjölda þátttakenda fækkað um helming. Mest hefur fækkað í endurmenntunarnámskeiðum sjúkraflutningamanna en hins vegar hefur fjöldi þátttakenda í grunn- og neyðarflutninganámskeiðum staðið í stað. Skólaárið 2008 til 2009 voru haldin 45 námskeið og þátttakendur voru 650, þar af voru 29 endurmenntunarnámskeið. Skólaárið 2010 til 2011 var haldið 21 námskeið og nemendafjöldi var um 280 en þar af voru einungis níu endurmenntunarnámskeið.

„Rekstraraðilar sjúkraflutninga drógu saman í endurmenntun haustið eftir hrun. Fjárhagslegar ástæður eru því greinilega stór þáttur í þessu,“ segir Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans. „Rekstraraðilar sjúkraflutninga fá fjármagn til að reka sjúkraflutninga og inni í því ætti endurmenntunin að vera, en það er auðvelt að skera hana niður.“ Hildigunnur tekur fram að einhverjir rekstraraðilar hafi þó ákveðið að sjá um þjálfun og endurmenntun sjúkraflutningamanna sinna og fara ekki í gegnum Sjúkraflutningaskólann.

Hildigunnur segir að mikil þörf sé á endurmenntun sjúkraflutningamanna því grunnmenntun þeirra sé þrjár vikur, eða 128 klukkustundir. „Það er bara allt of lítið,“ segir Hildigunnur og tekur fram að ofan á grunnnámið sé möguleiki á tveggja mánaða framhaldsnámskeiði sem ljúki með neyðarflutningaréttindum.

Í námskrá Landlæknisembættisins varðandi menntun sjúkraflutningamanna eru tilmæli um endurmenntun. „Þau eru í raun og veru mjög góð og meiri en við sjáum hjá mörgum öðrum fagstéttum. Sjúkraflutningamenn með grunnmenntun eiga til dæmis að taka 24 stundir í endurmenntun á tveggja ára tímabili, samkvæmt tilmælunum,“ útskýrir Hildigunnur og bætir við að þó sé ekki fylgst nógu vel með því. „Sjúkraflutningaskólinn kemur hins vegar með tilmæli um að tími sé kominn á endurmenntun.“

Hildigunnur segir að endurmenntun sé nauðsynleg vegna þess að fræðin breytist hratt. „Svo á það sérstaklega við þá sem starfa úti á landi að tilfelli eru fátíð. Til þess að þeir sjúkraflutningamenn séu tilbúnir að takast á við öll hugsanleg tilfelli verða þeir að fá meiri þjálfun sem fá færri raunveruleg tilfelli,“ segir Hildigunnur og tekur fram að þegar á hólminn sé komið sé ekki tími til að fletta upp í bókunum.

*martaf@frettabladid.is*



Hildigunnur Svavarsdóttir, skólastjóri Sjúkraflutningaskólans, segir fjárhagslegar ástæður liggja að baki fækkun þátttakenda á sjúkraflutninganámskeiðum.

Æthihvönn er ein merkasta lækningajurt Íslandssögunnar, en hvönnin var notuð á Íslandi allt frá landnámi. Ætihvönnin var vel þekkt meðal fyrstu landnema á Íslandi. Auk þess að vera mikilvæg matjurt á Norðurlöndum og Bretlandseyjum var lækningamáttur hvannarinnar vel þekktur meðal norrænna manna.

**www.visindavefur.is**


Við erum danskennarar Kramhússins

SKRÁNING STENDUR YFIR



KRAM HÚSIÐ

Danspotturinn opnast 12. september

Kíktu á kramhusid.is

Símar: 551·5103 & 551·7860



SADDUR ÁN SAMVISKUBITS




Burrito 1.190

Tacos 1.340

SantaFe salat m.kjúkling 1.390

Culiacan MEXICAN GRILL

Suðurlandsbraut 4a

533 1033 www.culiacan.is



ICELANDIC FOR FOREIGNERS

10 weeks courses – 60 class hours

Courses start on 13th of Sept.

ICELANDIC I
ICELANDIC II
ICELANDIC III
ICELANDIC IV

Tuesday and Thursday 19:00 – 21:10

Price: 23.000 kr.
Registrations and information:
http://kvoldskoli.kopavogur.is

Tel: 564 1507

KVÖLDSKÓLI KÓPAVOGS

ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA

10 vikna námskeið – 60 kennslustundir

Kennslan hefst 13. september.

ÍSLENSKA I
ÍSLENSKA II
ÍSLENSKA III
ÍSLENSKA IV

þriðjudag og fimmtudag 19:00 – 21:10
Verð: 23.000 kr.
Innritun og upplýsingar á vef skólans
http://kvoldskoli.kopavogur.is

KURS JEZYKA ISLANDZKIEGO DLA OBCOKRAJOWCOW

Kurs 10-tygodniowy-60 godzin lekcyjnych

Zajecia rozpoczynaja sie13. Wrzesnia

ISLANDZKI I
ISLANDZKI II
ISLANDZKI III
ISLANDZKI IV

wtorki i czwartki 19:00 – 21:10

Cena: 23.000 kr.
Zapisy i informacje na stronie szkoly:
http://kvoldskoli.kopavogur.is

pod nr telefonu: 564 1507

Ath. Starfsmenntunarsjóðir ýmissa stéttarfélaga styrkja félagsmenn sína til náms í Kvöldskóla Kópavogs.

http:// kvoldskoli.kopavogur.is



**Ekki gleyma að teygja** Við mikið álag styttast vöðvarnir og þarf að gera teygjur til að lengja í þeim. Ef vöðvarnir styttast um meira en helming missa þeir allan kraft, sem gefur til kynna mikilvægi þess að gefa sér tíma til að teygja eftir æfingar.









Vala óttast ekki kuldann í vetur enda hitnar fólki við að gera æfingarnar auk þess sem skjólsælt er á ströndinni. Þá er aðstaða innandyra ef þannig viðrar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Æfa utandyra í vetur

**Kettlebells Iceland hafa verið með ketilbjölluæfingar á Ylströndinni í sumar og ætla að halda því áfram í vetur. „Það er ávanabindandi að fá súrefni í lungun samhliða æfingunum," segir yfirþjálfarinn Vala Mörk.**

Þau Vala Mörk og Guðjón Svansson hjá Kettlebells Iceland hafa verið með aðstöðu á Ylströndinni í Nauthólsvík frá því í byrjun sumars og boðið upp á ketilbjölluæfingar undir berum himni. Þau hafa nú ákveðið að halda því áfram í vetur.

„Þetta hefur verið ofboðslega skemmtilegt og þegar forsvarsmenn Ylstrandarinnar buðu okkur að vera lengur ákváðum við að slá til. Við getum fengið aðstöðu innandyra ef veðrið er að stríða okkur en vonumst þó til að geta verið sem mest úti, enda verður það hálf ávanabindandi að fá súrefni í lungun samhliða æfingunum í stað þess að anda að sér þungu innilofti," segir Vala. „Þá er oftast frekar skjólsælt á svæðinu í kringum heita pottinn en á góðviðrisdögum þegar ströndin er full af fólki höfum við fært okkur upp á grasið þar sem við höfum reist æfingatæki," bætir hún við.

En er fólk ekkert feimið við að æfa utandyra fyrir allra augum? „Að öllu jöfnu er nú ekki mikið af fólki á þeim tímum sem við æfum en iðkendur gleyma því oftast um leið og þeir byrja að púla. Þeir sem eiga leið hjá eru síðan mjög áhugasamir um það sem við erum að gera," segir Vala. Hún og Guðjón stofnuðu Kettlebells Iceland árið 2006 og byrjuðu fyrst allra á Íslandi með reglulega ketilbjöllutíma fyrir íþróttamenn og almenning. Þau voru með aðstöðu í Mjölni þar til í vor. Vala segir æfingarnar svipaðar og áður. „Við gerum þrek- og þolæfingar og erum með bjöllur af öllum þyngdum. Þá tökum við spretti, upphífingar og æfingar með eigin líkamsþyngd. Fólk af báðum kynjum og öllum stærðum og gerðum hefur gott af þessu og hver og einn lagar þyngdir og æfingar að sér."



Á góðviðrisdögum í sumar fóru æfingarnar stundum fram í sjónum. „Stundum þurftum við einfaldlega að kæla okkur niður," segir Vala Mörk. MYND/KETTLEBELLS ICELAND

Vala segir svæðið bjóða upp á skemmtilega möguleika og að ýmist sé hægt að kæla sig í sjónum eða fara í pottinn eftir púlið. „Í sumar þegar hitinn var mikill gerðum við jafnvel æfingarnar í sjónum, sem var skemmtileg tilbreyting."

*vera@frettabladid.is*









# HEILSA

ÞRIÐJUDAGUR **30. ÁGÚST 2011**

**Kynningarblað**
Hlaup
Vítamín
Líkamsrækt
Leikfimi
Þjálfun
Markmið







Crossfit-þjálfarar í Crossfit Iceland. Mark Johnson, Guðrún Selma Steinarsdóttir, Fanney Sigurgeirsdóttir og Steinar Þór Ólafsson kenna öll í World Class. MYND/BENT MARINÓSSON

# Keppnisþörf liggur í loftinu

**Eitt vinsælasta æfingaform í World Class í dag er Crossfit, sem samanstendur af mörgum greinum og er því bæði fjölbreytt og skemmtilegt. Framhaldsskólatímar eru nýjung hér á landi, þeir eru í World Class í Kringlunni.**

Crossfit er það heitasta núna og er vonandi ekki bara tískubóla heldur komið til að vera þannig að fólk temji sér það sem lífsstíl," segir Steinar Þór Ólafsson, íþróttafræðinemi og þjálfari hjá Crossfit Iceland. Hann segir Crossfit ekki bara ákjósanlegt æfingaform til að byggja upp vöðva heldur til að styrkja líkamann á allan hátt. „Þetta er ekkert átaksnámskeið sem stendur í smá tíma heldur er Crossfit fyrir venjulegt fólk sem vill ástunda alhliða hreyfingu og læra rétta líkamsbeitingu. Allir geta lent í að þurfa að færa til þungan sófa í stofunni heima."

Steinar Þór er einn þeirra sex sem þjálfa hjá Crossfit Iceland í vetur. Öll eru þau með Crossfit-þjálfararéttindi. Hin eru Guðrún Selma Steinarsdóttir, Mark Johnson, Geir Gunnar Markússon, Arndís Ágústsdóttir og Fanney Sigurgeirsdóttir. Sú síðastnefnda er kærasta Steinars. „Við erum á sömu bylgjulengd," segir hún brosandi. Fanney er í Lögregluskólanum og hefur verið í starfsþjálfun í sumar. Þar er mikil áhersla á líkamlegt þrek svo henni kemur vel að vera í góðu formi. „Ég var í Boot Camp og byrjaði svo í Crossfit, sem mér finnst mjög skemmtilegt," segir Fanney og heldur áfram. „Það er ekki kvöð að mæta í ræktina heldur er það ánægjulegur partur af deginum. Æfingarnar eru svo fjölbreyttar."

Steinar tekur undir þetta. „Crossfit er samansett úr mörgum greinum. Þar eru fimleikar, ketilbjöllur, ólympískar lyftingar, atriði úr frjálsum íþróttum og klifur í köðlum. Svo er hlaupið, hjólað, róið og synt."

Þau Steinar og Fanney segja mikla eftirspurn eftir Crossfit hér á landi. „Íslendingar eru mjög móttækilegir fyrir þessu formi og eftir að Annie Mist varð heimsmeistari hefur orðið sprenging í vinsældunum," segir Steinar. „Ég held það séu hlutfallslega fleiri hér á landi sem aðhyllast Crossfit en nokkurs staðar annars staðar. Það eru til dæmis bara örfáar stöðvar í London og samt búa milljónir þar."

Sérstakur Crossfit-salur er í World Class-stöðinni í Kringlunni. Þar verða grunnnámskeið og framhaldsnámskeið í vetur og einnig framhaldsskólatímar sem er nýjung. „Það eru svo margir framhaldsskólar hér í kring, svo sem Verzlunarskólinn, Menntaskólinn við Hamrahlíð og Fjölbraut í Ármúla, og það er gaman fyrir nemendur að koma hingað saman eftir skólann." Fanney grípur það á lofti. „Já, við viljum skapa hér jákvætt félagslegt umhverfi þar sem smá keppnisþörf liggur í loftinu en þó einkum samstaða og góður andi. Það ætti að vera fínt fyrir unglingana að koma hér við áður en þeir fara heim."



Annie Mist Þórisdóttir CrossFit-meistari

## FRÓÐLEIKSMOLAR

**CrossFit Iceland** er í CrossFit-sal í World Class Kringlunni. Þar eru fjölbreyttir tímar og allir kennarar eru með CrossFit-kennararéttindi.

**CrossFit Grunnámskeið**
Farið er í undirstöðuæfingar í CrossFit og grunnurinn lagður. Lögð er áhersla á að þátttakendur geri æfingarnar rétt.

**CrossFit Framhaldsnámskeið**
Fyrir þá sem vilja meira. Byggt er ofan á góðan grunn úr grunnnámskeiðunum með fjölbreyttum og skemmtilegum æfingum.

**CrossFit Framhaldsskólar**
Sérstakir tímar fyrir framhaldsskólanemendur. Fjölbreyttar æfingar sem henta sérstaklega vel fyrir þennan aldurshóp.

**CrossFit byggir** á fjölbreyttum, hnitmiðuðum og kraftmiklum æfingum. Hver æfing er ný áskorun.

**CrossFit blandar** saman ólympískum lyftingum, fimleikaæfingum og gömlu góðu leikfimiæfingunum. Það er hlaupið, hjólað, róið og synt.

**CrossFit er** lykillinn að alhliða hreysti og kemur í veg fyrir stöðnun.

**Kennarar okkar** eru allir með CrossFit-kennararéttindi.


# Opið hús hjá World Class

## Laugardaginn 3. september kl. 10:00-14:00

Frítt inn á allar World Class stöðvar milli kl. 10:00 og 14:00
Glæsileg dagskrá á öllum World Class stöðvum:
Frí heilsufarsskoðun, lukkuleikur, tilboð, kynningar o.fl.
Sjá nánar á worldclass.is

# Vertu með okkur í vetur!

Ný námskeið hefjast 5. september
Nýjar tímatöflur hefjast 1. september - yfir 400 tímar í viku hverri

World Class er heilsuræktin okkar



World Class Laugum Reykjavík • Kringlunni Reykjavík • Spönginni Grafarvogi • Lágafellslaug Mosfellsbæ
Ögurhvarfi Kópavogi • Turninum Kópavogi • Sundlaug Seltjarnarness • Dalshrauni Hafnarfirði • HR Reykjavík
Korthafar fá aðgang að Laugardalslaug, Lágafellslaug og Sundlaug Seltjarnarness

World Class ICELAND
- HEILSURÆKT FYRIR ÞIG -



Hafsteinn Daníelsson og Hilmar Gunnarsson blanda saman æfingum og búa til fjölbreyttari tíma í Veggsporti. MYND/GVA

# *Bjóða fjölbreyttari tíma*

„Cross Bells er ein af þeim nýjungum sem við bjóðum upp á núna en það er blanda af CrossFit og ketilbjöllum,“ segir Hafsteinn Daníelsson, annar eigenda Veggsports. Cross Bells-tímarnir verða kenndir í hádeginu og aftur seinnipartinn þriðjudaga og fimmtudaga og klukkan 10 á laugardögum.

„Ketilbjöllur eru upprunalega rússneskt æfingaform þar sem notaðar eru þungar bjöllur og allir stærstu vöðvar líkamans þjálfaðir samtímis, en CrossFit er alhliða hreyfing. Það er skemmtileg tilbreyting að blanda þessu saman,“ segir Hafsteinn, sem einnig hefur blandað styrktaræfingum inn í spinning-tímana í Veggsport til að auka fjölbreytni.

„Þetta eru mjög vinsælir tímar því þótt það sé gaman að hjóla er tilbreyting að hafa æfingar með. Hjólað er í fjörutíu mínútur áður en hópurinn færir sig inn í sal og gerir styrktaræfingar fyrir maga, rass, læri og bak og armbeygjur. Við blöndum þannig saman styrk og brennslu. Skvassið er þó alltaf vinsælast hjá okkur, en við erum stærstir í því.

Fólk kemur beint inn og spilar en við lánum fólki spaða og bolta. Skvass geta allir spilað, konur og karlar, unglingar og hjón,“ segir Hafsteinn og vill að lokum benda á heimasíðu stöðvarinnar, www.veggsport.is, þar sem nánari upplýsingar er að finna um tíma og æfingakerfi.

# Út að hlaupa

**Útihlaup eru ódýr leið til betri heilsu. Áður en farið er af stað er gott að undirbúa sig vel. Eftirfarandi tíu ráð er að finna á www.runaddicts.net**

### 1. Ráðfærðu þig við lækni
Áður en rokið er af stað er ekki vitlaust að heimsækja heimilislækninn. Sérstaklega ef þú ert of þung(ur), ert hjartveik(ur), komin(n) yfir fertugt eða hefur aldrei hlaupið neitt áður.

### 2. Farðu rólega af stað
Ef þú ætlar ekki að gefast upp vegna meiðsla eða þreytu strax á fyrstu vikunum skaltu byrja á rólegri göngu.

### 3. Fylgstu með hjartsláttinum
Ekki horfa bara á vigtina. Mældu púlsinn áður en þú ferð fram úr á morgnana og fylgstu með hvernig hlaupin styrkja hjartað.

### 4. Haltu hlaupadagbók
Skrifaðu niður hverja æfingu, hversu langt var hlaupið, hve langan tíma það tók og hversu hratt var hlaupið. Það virkar hvetjandi.

### 5. Hlustaðu á líkamann
Harðsperrur og þreyta eru eðlilegir fylgifiskar hlaupa. Ef þig fer að svima eftir æfingar eða finnur verki í brjósti, baki eða fótleggjum á æfingum skaltu staldra við og jafnvel leita læknis.

### 6. Hlauptu hægt
Ef þú getur sagt „ég hefði nú komist lengra“ í lok æfingarinnar hefurðu hlaupið á réttum hraða.


Farðu hægt af stað og settu þér raunhæf markmið. NORDICPHOTOS/GETTY

### 7. Æfðu reglulega og borðaðu hollt
Hlauptu þrisvar til fjórum sinnum í viku í hálftíma, frekar en einu sinni í viku í klukkutíma. Lélegt mataræði eyðileggur árangurinn.

### 8. Hitaðu upp
Hitaðu upp vöðvana með göngu og léttu skokki í nokkrar mínútur. Teygðu áður en þú leggur af stað. Undir lok æfingar skaltu hægja á þér og enda á gönguhraða áður en þú teygir aftur.

### 9. Fáðu hlaup á heilann
Gerðu hlaupin að daglegum hluta lífs þíns. Vertu áskrifandi að hlaupatímariti og kíktu í búðir sem selja hlaupaföt og búnað. Taktu þátt í hlaupakeppnum.

### 10. Settu þér markmið og fagnaðu þegar þú nærð þeim
Settu þér raunhæf markmið og mælanleg.

*www.runaddicts.net*




# Verðlaunavítamín á markað á Íslandi

**Vítamínlínan Vitabiotics er nýkomin á markað hér á landi. Vítamínin eru þau mest seldu í Bretlandi en þau eru hugsuð þannig að ein tafla innihaldi allt sem fólk þarf á að halda.**

Við erum að setja á markað stóra vítamínlínu frá Bretlandi, undir merkjum vítamínrisans Vitabiotics,“ segir Sandra Kristjánsdóttir, vörumerkjastjóri hjá Icepharma, umboðsaðila Vitabiotics á Íslandi.

„Þetta eru markhópatengd vítamín sem hugsuð eru þannig að fólk geti tekið eina vítamíntöflu sem inniheldur allt sem viðkomandi þarf á að halda,“ segir Sandra og útskýrir það nánar: „Allar töflurnar eru með sama steinefna- og fjölvítamíngrunninn, þannig að allir fá nauðsynleg grunnvítamín sem líkaminn þarfnast, en hver og ein tegund inniheldur svo alls kyns aukavítamín og bætiefni sem henta þörfum markhópsins hverju sinni,“ upplýsir Sandra og nefnir sem dæmi að til séu töflur fyrir konur og karla á öllum aldri, heilann og minnið, íþróttafólk, ófrískar konur, börn, konur á breytingaskeiði og svo mætti lengi telja.

Sandra segir að allir geti fundið vítamín við sitt hæfi innan Vitabiotics-línunnar. „Fyrirtækið sem framleiðir vítamínin er breskt og vítamín þess eru þau mest seldu þar í landi. Fyrirtækið hefur tvisvar sinnum hlotið konunglegu verðlaunin „The Queen´s Awards for Enterprise“ í Bretlandi. Einstök vítamín frá Vitabiotics hafa einnig hlotið ýmis verðlaun, til dæmis frá Boots-keðjunni í Bretlandi,“ segir Sandra og bætir við að vítamínin séu öflug og traustsins verð. Vitabiotics hefur einnig stutt vel við bakið á afreksfólki í íþróttum í Bretlandi og eru fjölmargir þeirra á leið á Ólympíuleikana í London 2012 og segja vítamínin hafa skilað sér auknum árangri.

Vitabiotis-vítamínin fást í öllum apótekum og einnig í völdum matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu.


Sandra segir að allir geti fundið vítamín við sitt hæfi innan Vitabiotics-vítamínlínunnar. MYND/GVA



Skriðsund er skemmtilegt og gott fyrir þá sem þjást af vöðvabólgu. NORDICPHOTOS/GETTY

# Aldrei of seint að byrja

**Margir hafa gengið með draum í maganum um að læra íþrótt sem þeir hafa aldrei prófað. Í vetur eru ótal námskeið í boði fyrir fullorðna í hinum ýmsu íþróttagreinum.**

Skriðsund er hraðasta sundaðferðin og þykir til að mynda gera fólki gott sem þjáist af vöðvabólgu. Þótt flestir hafi lært skriðsundstökin í grunnskóla eru þeir margir sem hafa ekki viðhaldið þeirri kunnáttu og treysta sér ekki í sundið. Fyrir þá er sniðugt að skella sér á skriðsundsnámskeið, þar sem farið er rækilega yfir hvernig skriðsund skal synt.

Meðal þeirra námskeiða sem eru í boði í vetur má nefna námskeið í Árbæjarlaug sem hefst 6. september, en kennari þar er Brynjólfur Björnsson. Sunddeildir íþróttafélaganna hafa sumar hverjar haldið skriðsundsnámskeið og má þar nefna KR, Sunddeild Hamars í Hveragerði og fleiri sem halda reglulega slík námskeið. Sundskóli Sóleyjar er þá annar vettvangur skriðsundsnámskeiða og Lóló, einkaþjálfari í Laugum, hefur haldið námskeið í Laugardalslaug sem er næst á dagskrá 5. september.



Skák er frábær heilaleikfimi.

Badminton er skemmtileg og fjörug íþrótt sem hægt er að stunda með maka, vinum og vinnufélögum, en hér á landi eru 29 íþrótta- og ungmennafélög um allt land sem bjóða upp á badmintonæfingar. Í Reykjavík er til dæmis Tennis- og badmintonfélag Reykjavíkur með æfingar í TBR-húsinu en á heimasíðu Badmintonsambands Íslands er að finna lista yfir þau félög á landinu sem eru með iðkendur.

Að lokum, fyrir þá sem eru meira fyrir að hafa það huggulegt heima, má minnast á skákina, sem er aldrei of seint að byrja að læra. Skáknámskeið eru gjarnan í boði hjá tómstundaskólum og sérstökum skákfélögum. Upplýsingar um námskeið í skák má til að mynda nálgast hjá Skáksambandi Íslands, Skákakademíu Reykjavíkur, Skákskóla Íslands og Taflfélagi Reykjavíkur.



Badminton er fjörug íþrótt sem gaman er að draga besta vininn eða makann með sér í.

## FUNDUR UM NÝJAN LANDSPÍTALA



**Almennur kynningarfundur** verður á morgun um drög að deiliskipulagi á lóð Landspítala við Hringbraut vegna nýbygginga sem þar á að rísa.

Fundurinn verður í stofu 105 á Háskólatorgi og hefst klukkan 17.30. Forstjóri Landspítala, rektor Háskóla Íslands og fulltrúar hönnunarhópsins SPITAL kynna byggingarverkefnið.

Kynningardagar verða í Heilsuverndarstöðinni við Barónsstíg frá 1.-6. september þar sem hægt verður að skoða kynningarefni vegna byggingar nýs Landspítala.



## HEILSUEFLANDI SKÓLI

**Árleg ráðstefna** um heilsueflandi skóla verður haldin á vegum Landlæknisembættisins á Grand Hóteli föstudaginn 2. september. Slík ráðstefna hefur verið haldin þrjú undanfarin ár í upphafi skólaárs.

Flutt verða erindi um margvíslegar hliðar þess að efla heilsu nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum landsins. Síðari hluta dags verða haldnar vinnustofur þar sem kafað verður dýpra í meginviðfangsefni heilsueflandi skóla, næringu, hreyfingu, geðrækt, lífsleikni og lífsstíl.

Aðalfyrirlesari ráðstefnunnar verður Clive Blair-Steven, sérfræðingur í félagslegri markaðssetningu (e. Social Marketing) og stofnandi Social Marketing Centre í Englandi á sínum tíma, en hann er nú einn stjórnenda hjá Strategic Social Marketing. Frestur til að skrá sig á námskeiðið rennur út í dag klukkan 17. Nánari upplýsingar á www.landlaeknir.is







Námskeið í Rope Yoga hefjast 29. og 30. ágúst.

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN




ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Má bjóða ykkur meiri Vísi?

Meira úrval afþreyingar, frétta og myndskeiða í topp-upplausn með greiðara og einfaldara aðgengi fyrir allar tölvur og farsíma. Horfðu, hlustaðu og fylgstu með öllu því sem gerist, hvar og hvenær sem er á Vísi.

Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.

Meiri Vísir.

vísir

**HLEÐSLA** ÍÞRÓTTADRYKKUR | 100% HÁGÆÐA MYSUPRÓTEIN

# PRÓTEINDRYKKURINN SEM ÍSLENDINGAR FÁ ALDREI NÓG AF

## NÚ EINNIG MEÐ KÓKOS OG SÚKKULAÐI




**HLEÐSLA ER KJÖRIN FYRIR ALLA ÞÁ SEM TREYSTA Á HOLLA OG UPPBYGGILEGA NÆRINGU EFTIR GÓÐA ÆFINGU, LANGT HLAUP EÐA MILLI MÁLA. ÞAÐ ER ENGIN TILVILJUN AÐ HLEÐSLA ER EINN VINSÆLASTI PRÓTEINDRYKKUR Á ÍSLANDI. HENTAR VEL FÓLKI MEÐ MJÓLKURSYKURSÓÞOL.**

---

**MJÓLKURSAMSALAN** **WWW.MS.IS**

ÍSLENSKA SIA.IS MSA 55956 08/11

**Kynning - auglýsing**

# Breiddist um Ísland eins og eldur í sinu

**Latin stúdíó er að hefja haustsstarfsemi sína 5. september í nýjum húsakynnum að Faxafeni 12. Fram undan er litríkur og líflegur vetur með zumba og salsa. Magadansinn á sitt lögheimili þar líka hjá meistaranum Josy Zareen. Upplýsingar á www.latin.is og í símum 581 1800 og 772 2345.**

## *Þrýstnar flottari en tággrannar*

**Elma Dögg Gonzales er ein þeirra sem hafa stundað magadans í mörg ár og er hvergi nærri hætt.**

Ég byrjaði fyrir slysni með vinkonum mínum að læra magadans fyrir sjö árum þegar Josy var með Magadanshúsið í Skipholtinu en bjóst aldrei við að ég mundi ílengjast svona," segir Elma Dögg Gonzales, listförðunar- og naglafræðingur, sem vinnur á snyrtimiðstöðinni Lancome. Elma Dögg er ein nemenda Josy í Latín stúdíóinu og nú stendur til að hún fari að kenna þar líka.



„Það er svo mikil fegurð og gleði sem fylgir þessum dansi," segir Elma Dögg Gonzales.

Elma Dögg lítur greinilega upp til kennarans. „Josy er sú færasta í dansinum hér á norðurhveli jarðar og einn mesti listamaður sem ég hef kynnst og þekki ég þó til margra. Fyrir utan dansinn er hún flinkur tónlistarmaður og svo er hún góður listmálari líka."

Konur þurfa ekkert endilega að vera grannar í magadansi til að vera gjaldgengar, að sögn Elmu Daggar. „Þær þrýstnu eru jafnvel flottari en þær tággrönnu. Það er kosturinn við þessa íþrótt," lýsir hún. En hvað um búningana, hvar fást þeir? „Hún Josy sérpantar búninga eftir þörfum hverrar og einnar," svarar hún.

Spurð hvað magadansinn gefi henni svarar Elma Dögg að bragði. „Ánægju og lífsgleði. Það er svo mikil fegurð og gleði sem fylgir þessum dansi og sú menning sem Josy hefur fært hingað til lands er í raun einstök."

Að sjálfsögðu ætlar Elma Dögg að læra meiri magadans hjá Josy í vetur. „Ég ætla að vera hjá henni þangað til ég dey," segir hún glaðlega.



„Ég dansa eftir því hvernig mér líður hverju sinni og hvernig ég er stemmd," segir Anna Lilja.

## *Gekk lengi með magadansinn í maganum*

**Anna Lilja Valgeirsdóttir nýtur þess að dansa og hlæja með hinum stelpunum í Latín stúdíóinu.**

Ég var í djassballett þegar ég var yngri og hef alltaf haft áhuga á dansi. Samt er ég tiltölulega nýbúin að kynnast magadansi. Ég gekk nefnilega með hann í maganum lengi áður en ég lét verða af því að læra hann," segir Anna Lilja Valgeirsdóttir, sem stefnir á náttúrulækningar.

Anna Lilja kveðst ekki sjá eftir því að hafa drifið sig af stað í dansinn. „Það gengur bara ágætlega og gamlir taktar rifjast upp. Það er svo ríkt í eðli fólks að dansa, við sjáum það úti um allan heim. Flestir hafa þörf fyrir að dilla sér eftir hljóðfalli, það er eins og það eigi að vera þannig. Dans er líka fyrir fólk á öllum aldri. Maður er aldrei of ungur og aldrei of gamall."

